

1. Þingsetning

Formaður HSÍ, **Guðmundur Ágúst Ingvarsson**, setti 51. ársþing HSÍ. Hann bauð alla velkomna og sagði þingið sett. Að svo búnu var gengið til dagskrár.

2. Kosning kjörbréfanefndar

Í kjörbréfanefnd voru eftirtalin tilnefnd:

- **Þorbjörg Gunnarsdóttir**
- **Þórður Ármannson**
- **Guðmundur Skúli Stefánsson**

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði mótbárum við. Guðmundur lýsti því nefndina réttkjörna og bað hana um að hefja störf þegar í stað.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaðurinn bar upp tillögu um **Gunnar Gunnarsson** sem þingforseta. Engar aðrar tilnefningar né athugasemdir bárust, svo Gunnar var lýstur réttkjörinn. Þá voru tveir tilefndir varaþingforsetar, **Þorgeir Ingi Jónsson** og **Ásgerður Halldórsdóttir**. Engar athugasemdir voru gerðar, svo teljast þau réttkjörin. Þá bað formaðurinn settan þingforseta um að taka við.

Gunnar Gunnarsson þakkaði fyrir traustið sem honum var sýnt með kjöri sínu og hét því að gæta hlutleysis og vandvirkni.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti lagði fram tillögu um **Katrínu Mixa** sem þingritara og **Þorbjörgu Gunnarsdóttur** sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur eða athugasemdir bárust og töldust þær því réttkjörnar. Hófu þær þegar störf.

5. Þinggerð síðasta ársþings lögð fram

Þinggerðin hefur verið lögð fram í þinggögnum svo þeim lið var þegar lokið.

6. Kosning þingnefnda

6.1 Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- **Ásgerður Halldórsdóttir**
- **Guðborg Halldórsdóttir**
- **Gunnar Kristinsson**

6.2 Í laga- og reglanefnd voru tilnefnd:

- **Bergþóra Sigmundsdóttir**
- **Vala Valtýsdóttir**
- **Hallur Halldórsson**

6.3 Í allsherjarnefnd voru tilnefnd:

- **Trausti Leifsson**
- **Þorgeir Jónsson**
- **Pétur Vilberg Guðnason**

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust **réttkjörin** þar eð engar gagntillögur eða athugasemdir bárust.

7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur Ágúst Ingvarsson fékk aftur orðið og fylgdi skýrslu stjórnar úr hlaði með samantekt.

Guðmundur byrjaði á að reifa fundamál á starfsárinu. Stjórnin hefur haldið reglulega vinnufundi eftir ýmsum samskiptaleiðum, þar af vinnufundi með formönnum og suma opna fleirum en stjórn, vítt og breitt um land. Fundarefnið hefur fyrst og fremst verið mótakerfið í efstu deildum karla og kvenna. Margar skoðanir voru uppi og eftir að hafa hlustað á umræðurnar hefur HSÍ lagt fram tillögu um mótakerfi til næstu ára.

Á ársþinginu í fyrra var ákveðið að endurskoða lög sambandsins og hefur laga- og reglnanefnd unnið ötulst starf. Þessi drög voru kynnt á formannafundunum og fengu þau mjög jákvæð viðbrögð. Verða því tillögur lagðar fyrir þingið til samþykktar.

Reynt var að hefja átak í að skrá tölfraði og safna videoupptökum á netið fyrir þjálfara að hafa aðgang að og til að geta greint leiki. Þetta tókst ekki sem skyldi. Það er mál sem þarf að taka betur á fyrir næsta keppnistímabil. Tölfraði er enda mikilvæg, til að mynda fyrir fjölmiðla.

Rekstur sambandsins var í jafnvægi. Einhver veltuaukning varð, eins og sjá má á ársreikningunum, en ráð er þó að hafa varann á því veltan er ekki aðalatriðið heldur hitt, að hafa hemil á útgjöldum og kostnaði.

Þrátt fyrir árferðið náði sambandið að gera góða samninga við öflugna samstarfsaðila um deildirnar. Samningar voru góðir meðal annars að því leyti að stór hluti fer aftur til kynningar á deildinni og boltanum.

Þá voru meðal annars gerðir góðir samningar við Eimskip um bikarinn. Sömu sögu er að segja þar, stór hluti þess samnings fer aftur til kynningar, á bikar og bolta.

Endurnýjaður var samningur við Icelandair og var sambandinu vel tekið á þeim bæ, áhugi þeirra á samstarfi var sýndur í verki.

Kaupþing hefur og verið einn af sterkustu samstarfsaðilum til margra ára.

Nýr samstarfsaðili inn í deildina var N1.

Samstarfssamingarnir eru í höfn til einhvers tíma. Allur kostnaður hefur þó hækkað og þörf er á að passa sig betur þar. Eigið fé sambandsins er jákvætt og hefur það ekki verið svo í margra manna minnum. Er það ásamt öðru grunnur til frekari sóknar og til að efla trúverðuleika handboltans til frambúðar.

Mikið fé var sett í að kynna deildirnar og koma þeim á framfæri. Trúlegt er að sambandið sé þar á réttri leið, en betur má ef duga skal, að sjálfsögðu.

Íslandsmeistarar kvenna voru Stjarnan og Íslandsmeistarar karla voru Haukar. Segja má að botninn hafi dottið úr þegar þrjár til fjórar umferðir voru eftir af keppninni.

Eimskipsbikarinn fékk góða athygli. Lokahelgin var skemmtileg og eftirtektarverð, enda náðist mikið áhorf í sjónvarpið. Eins var deildarbikarinn skemmtilegur. Bikarmeistarar urðu Valur og Stjarnan.

Guðjón L. Sigurðsson og Ólafur Haraldsson hættu sem dómara árið 2007 og er þeim þakkað mjög gott starf. Alfreð Gíslason, sem verið hefur þjálfari A-landsliðs karla, lét einnig af störfum og er honum jafnframt þakkað frábært starf. Við starfi hans tók Guðmundur Þ. Guðmundsson, maður sem við getum öll treyst, og honum til aðstoðar er Óskar Bjarni Óskarsson, einnig mjög hæfur þjálfari.

Næsta verkefni er að koma liðunum á HM í Króatíu og á Ólympíuleikana í Peking. A-landslið kvenna keppir við Rúmeníu um sæti í HM í Makedóníu. Liðið nálgast það í sífellu að komast í stórkeppni. Þjálfarinn Júlíus Jónasson hefur þar unnið mjög gott starf. Yngri landslið hafa staðið sig ágætlega. Má þá helst nefna 18 ára lið drengja, sem vann sinn riðil og hefur þar með unnið sér inn rétt til að spila í Tékklandi í sumar. Þjálfarar liðsins eru þeir Einar Guðmundsson og Einar Einarsson.

Í júní fór af stað undirbúningur fyrir skólamót HSÍ. Langflest félög tilkynntu þátttöku. Einnig var haft samband við Íþróttafélög og héraðssambönd, bæði reynd og óreynd í handboltanum. Undirtektirnar voru ekki alveg í samræmi við væntingar, en haldið skal áfram að hamra stálið. Má þó telja ánægjulegt að áhugi hefur greinilega kviknað víða, svo sem á Ólafsvík og Ísafirði. Þá eru til að mynda fulltrúar nýrra sambanda hér á þinginu í dag.

Kristján Halldórsson hefur verið ráðinn íþróttastjóri HSÍ. Eru bundnar töluverðar væntingar til hans starfs. Þá hefur daglegur verið í góðum höndum Einars Þorvarðarsonar framkvæmdastjóra, Róberts Gíslasonar, Þórðar Ármannssonar og Þorbjargar Gunnarsdóttur. Þá hefur Ingibjörg Ragnarsdóttir séð um öll búningamál og verið liðsstjóri. Öllum er þeim þakkað mjög gott starf. Að auki þakkaði Guðmundur stjórnarmönnum sérstaklega fyrir samstarfið.

Þá notaði Guðmundur tækifærið og tilkynnti að að áeggjan nokkurra félaga hafi hann ákveðið að gefa kost á sér til formennsku í eitt ár í viðbót, ekki meira en það. Að þessu sögðu þakkaði hann fyrir sig og sté úr pontu.

Þingforseti tók aftur til máls. Hann þakkaði Guðmundi fyrir skelegga skýrslu stjórnar. Þingforseti óskaði eftir því að umræða um reikninga og skýrslu stjórnar yrðu teknar saman í einu. Enginn hreyfði mótmælum við því.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

50. Ársþing HSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 18.apríl 2007. Fyrir þinginu lágu margar tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum sambandsins. Góð mæting var á þingið og stóð það í einn dag. Á þinginu var tveir nýir kosnir í stjórn þeir Hlynur Sigmarsson og Hólmgeir Einarsson en Friðrik Friðriksson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn en Ásgeir Jónsson náði ekki endurkjöri í stjórn. Var þeim þakkað gott samstarf.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 24 bókaða fundi og þar að auki var tölvupóstur notaður þess á milli í samskiptum stjórnar. Á árinu var haldið upp á 50 ára afmæli HSÍ með hátíðarfundi í stjórn 11. júní 2007 og með móttöku í Þjóðmenningarhúsinu þann 16. júní 2007 og jafnframt var haldið upp á 50 ára afmælið með öllum fyrrverandi og núverandi landsliðsmönnum og þjálfurum þann 27.október 2007. Fyrir þetta þing voru haldnir 2 fundir með formönnum aðildarfélaganna í íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Snérust fundirnir um mótakerfið í efstu deild karla og breytingar á lögum HSÍ. Ekki eru allir sammála um mótakerfið í úrvalsdeild karla og finnst sumum að það sé nauðsynlegt að taka upp úrslitakeppni og að fækka skuli umferðum. Aðrir vilja standa við það kerfi sem leikið var eftir í vetur. Jákvæðar umræður áttu sér stað um lagabreytingarnar fyrir Ársþingið.

Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla þá hefur hún aukist í blöðum en var fram eftir hausti minni en á undanförunum árum hjá RUV. HSÍ lagði fram ýmsar kröfur um umgjörð í kringum leiki í Úrvalsdeildum karla og kvenna og var meðal annars óskað var eftir að tölfræði yrði tekinn hjá öllum liðum í Úrvalsdeildum karla og kvenna og datt sú vinna niður þegar að líða tók á keppnistímabilið þar sem að sum félög hættu að skrá niður tölfræði og gerði það að verkum að hún datt niður. Einnig var farið fram á það við félögin að þau tækju upp leikina í Úrvalsdeildum karla og kvenna og settu inn á gagnagrunn þar sem að þjálfarar gætu tengt sig inn á og náð í leikina sem að fram hefðu farið í Úrvalsdeildum en þessi vinna var framkvæmd af hluta þjálfaranna en ekki öllum og lagðist hún því af um áramót. Ýmsar aðrar kröfur voru settar á félögin og gekk betur að fá þær framkvæmdar.

Rekstur sambandsins er í jafnvægi jókst velta sambandsins um 19 milljónir á starfsárinu en stöðugt aðhald þarf að hafa við reksturinn. Kostnaður við rekstur sambandsins er alltaf að aukast og árið 2007 var dýrt ár vegna allra þeirra verkefna sem landsliðin unnu sér rétt til að taka þátt í og þurfti að halda vel á spilunum til þess að kostnaðurinn færi ekki úr böndum. Óflun nýrra samstarfsaðila er mikilvægt og hefur HSÍ t.d. haft Kaupþing, Heklu, N1, Ícelandair og Eimskip sem aðalsamstarfsaðila. Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandsliðsins á árinu 2007 og er HSÍ að fá svipaðar upphæðir og á s.l árum en. Þrátt fyrir mikil verkefni á árinu 2007 var íþróttalegur árangur góður hjá karlalandsliðinu sem lenti í 8 sæti á HM í Þýskalandi og 11 sæti á EM 2008 í Noregi og vann kvennalandsliðið sér rétt til að leika umspilsleiki á móti Rúmeníu um réttinn til að leika í úrslitakeppni HM sem fram fer í Makedóníu í desember 2008.

ÍSLANDSMÓT N1 DEILDIRNAR

N1 varð samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna s.l. haust og hefur mikið fjármagn verið sett til þess að auglýsa deildirnar og koma mótinu á framfæri. Keppnistímabilið 2007 – 2008 er þriðja tímabilið sem ekki hefur verið leikinn úrslitakeppni um Íslandsmeistaratiðinn hjá konum og körlum og eru margir á því að það vanti hápunkta í mótið eins og úrslitakeppnin getur boðið upp á. Leikin var 3 föld umferð hjá konum og þar tóku þátt 9 lið og varð Stjarnan Íslandsmeistari annað árið í röð. Leikin var fjórföld umferð hjá körlum og urðu Haukar Íslandsmeistarar áður en að

4 umferðum var lokið þannig að spennan datt snemma úr keppninni og verið ólíkt fyrri mótum hjá körlum. Leikið var í 8 liða úrvalsdeild og 7 liða 1. deild.

EIMSKIPS BIKARINN.

Eimskip kom inn í sem samstarfsaðili fyrir Bikarkeppnina s.l. haust og var meira lagt í umgjörð Bikarúrslitanna nú en áður. Bein útsending var frá keppninni og sem stóð í 5 klukkustundir og fékk úrslitaleikur karla 30% áhorf.

Bikarmeistarar kvenna nú í byrjun mars 2008 varð Stjarnan eftir úrslitaleik við Fylki og í karlaflokki léku til úrslita Valur og Fram og sigruðu Valsmenn í þeim leik. Í DHL úrvalsdeild karla tímabilið 2006-2007 sigraði Valur og í DHL Úrvalsdeild kvenna varð Stjarnan Íslandsmeistari. Í Deildarbikarnum sem leikinn var milli Jóna og nýárs unnu Valskonur og hjá körlunum sigruðu Frammarar. Dómararnir Guðjón L Sigurðsson og Ólafur Haraldsson hættu dómngæslu vorið 2007 og er þeim þökkuð frábær störf í þágu Handknattleiksins.

YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni hefur verið tekinn upp í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið nokkuð vel en ljóst að slípa þarf nokkra vankanta af því. Í 5-8 flokki eru félagamótin haldin og hefur sú framkvæmd gengið vel.

Nú hefur Alþingi samþykkt ferðajöfnunarsjóð og er komið fjármagn upp á 30 milljónir fyrsta árið og fer síðan fjárhæðin hækkandi mun þetta fjármagn auðvelda utanbæjarliðum við reksturinn en betur má ef duga skal hvað varðar ferðakostnað. Mikil gróska er í starfi yngstu flokkana hjá flestum félögum.

LANDSLIÐIN.

Í júní lék karlalandsliðið við Serba tvo leiki um réttinn til þátttöku á EM í Noregi. Voru þetta tveir frábærir leikir. Fyrri leikurinn fór fram í Serbíu og töpuðum við honum 29-30. Þá var eftir viðureignin á Íslandi og var leikurinn settur á 17. júní kl. 19:30. og var uppselt og hefði verið hægt að selja margfalt fleiri miða í viðbót þannig að Laugardalshöllin var ekki nógu stór fyrir þessa viðureign. Ísland vann leikinn 42-40 og komst áfram á EM í Noregi. Síðan hófst undirbúningur fyrir EM. og gekk undirbúningurinn vel. Á EM gekk liðinu vel og hafnaði í 11. sæti sem er þokkalegur árangur. Tveir leiki mótsins fengu 80% áhorf á RUV. Fjölmargir áhangendur fóru á keppnina og var fín stemmning í kringum liðið. Stuðningssamtökin Í BLÍÐU OG STRÍÐU eru virk og er fjöldi skráninga um 10.000. manns. Framundan er viðureign við Makedóníu í júní mánuði um farseðilinn á HM í Króatíu sem fram fer í Janúar 2009. og keppni í Póllandi um farseðilinn á Ólympíuleikana í Peking. Er þetta mjög krefjandi verkefni. Alfreð Gíslason hætti sem þjálfari karlalandsliðsins eftir EM í Noregi og er honum þakkað frábært starf og við liðinu tók Guðmundur Þ Guðmundsson og honum til aðstoðar er Óskar Bjarni Óskarsson.

Verkefni kvennalandsliðsins eru fjölmörg og æfði liðið mikið saman í maí og júní s.l til undirbúnings fyrir pre qualification keppnina s.l. Haust og lenti liðið í 2. sæti í sínum riðli sem var frábær árangur. Nú mun liðið leika um sæti á HM í Makedóníu við Rúmena og fara leikirnir fram heima og að heiman. Liðið er mjög nálægt því að komast inn á stórkeppni.

21.ára landslið pílta vann sér ekki rétt í úrslitum HM núna um páskana en mótið fór fram Þýskalandi. Hefur Heimir Ríkharðsson verið þjálfari liðsins.

20. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni HM sem fram fór á Íslandi nú um Páskana . Tekur liðið einnig þátt í Nordic Open í byrjun júlí. Stefán Arnarsson er þjálfari liðsins.

18 ára landslið drengja tók þátt í Hela cup í Þýskalandi og lék liðið til úrslita á því móti. Jafnframt tók liðið þátt forkeppni EM sem fram fór á Íslandi nú 9.-11. maí. Og sigruðu þeir riðilinn og er liðið komið inn á úrslit Evrópumeistaramótsins í þessum aldursflokki.

18 ára landslið stúlkna tók þátt í forkeppni EM og var leikið í Rúmeníu komst liðið ekki áfram. Liðið tók þátt Scandinavian Open 9.11 maí og lenti þar í 2 sæti. Liðið mun taka þátt í Opna Evrópumeistaramótinu sem fer fram í Partille í sumar. Guðríður Guðjónsdóttir er þjálfari liðsins.

16. ára landslið pílta er verið kallað til æfinga og er starf hafið með 16 ára landslið kvenna og eru þjálfarar þar Ómar Jónsson og Ægir Sigurgeirsson.

ÚTBREIÐSLUMÁL VETURINN 2007-2008

Í júní 2007 fór af stað undirbúningur fyrir Skólamót HSÍ handbolta. Rætt var við öll félög sem höfðu tilkynnt um þátttöku í mótum veturinn 2007-2008 um þátttöku þeirra í Skólamótinu. Langflest félögin tilkynntu um þátttöku.

Einnig var haft samband við nokkur íþróttafélög og héraðssambönd, bæði sem höfðu áður haft handbolta á sínum snærum, sem og félög sem höfðu ekki haft handbolta áður. Ekki var unnt að hringja í öll félög en valin voru þau stærstu í byrjun. Markmiðið var að koma af stað æfingum í handbolta fyrir þann aldurshóp sem tæki þátt í Skólamótinu.

Frá flestum félögum kom ekkert svar, hvorki frá aðalstjórn né framkvæmdastjórum (eða öðrum starfsmönnum). Svör komu frá Keflavík (IRB), Borgarnesi (UMSB) og Sauðárkróki (Tindastóll). Þar voru svörin öll á þá leið að annað hvort væri ekki áhugi eða mannskapur til að koma handbolta af stað, þrátt fyrir að HSÍ myndi aðstoða eins og unnt væri. IRB var eina félagið sem tók þetta upp á fundi aðalstjórnar.

Íþróttakennari á Ólafsfirði hafði svo samband eftir að hann frétti af mótinu, í byrjun vetrar, og fékk heimsókn frá meðlimum fræðslunefndar (Kristinn Guðmunsson og Erlingur Richardsson) og hóf handboltaæfingar í kjölfarið. Fyrir um mánuði síðan bað hann um, og fékk, meira efni sér til aðstoðar við þjálfunina.

Hermann Nielsson á Ísafirði hafði svo samband í byrjun vetrar til að fá aðstoð með þjálfun í handbolta. Þar var um að ræða mun eldri nemendur en þá sem tóku þátt í skólamótinu. Hann hóf æfingar og kom m.a. til Reykjavíkur í byrjun mars og spilaði æfingaleiki við Þrótt og Gróttu, auk þess sem liðsmenn og þjálfari fengu miða á úrslitaleikina í Eimskipsbikarnum. Þeir hyggja á þátttöku í Íslandsmóti í unglingsaflokki næsta vetur, og fóru Róbert Gíslason, og Kristján Halldórsson m.a. vestur til að kynna þeim mótahald HSÍ og aðstoða þá við að koma deildinni í gang. Önnur félög sem ekki svöruðu, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir eru: Höttur Egilsstöðum (UÍA), HSK (Hveragerði, Hella), ÍA, Snæfell (HSH), HSP (Húsavík), USVH (Hammstangi), USVS (Vík), USÚ (Hornafjörður), ÍBS (Siglufjörður), UMSE (Dalvík), USAH (Blönduós), HSB (Bolungarvík), HSV (Ísafjörður)

SAMSTARFSAÐILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, en það eru N1, Visa, Vífilfell, Icelandair, Kaupping, RÚV, Sportland, Hekla, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Eimskip, Pósturinn, Laugar, Fönn, Lyfja, VR, prentsmiðjan Oddi, Samskip, Lengjan og Margt smátt. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á samstarfinu við þessa aðila.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ þeim Róbert Gíslasyni, Þórði Ármannsyni og Þorbjörgu Gunnarsdóttur. Kristján Halldórsson hefur verið ráðinn íþróttastjóri HSÍ. Ingibjörg Ragnarsdóttir hefur séð um öll búningamál fyrir öll landsliðin og verið liðstjóri karlalandsliðsins. Stöðugildi eru því þrjú og hálf um áramót 2007/2008.

Formaður HSÍ

Guðmundur Ágúst Ingvarsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla 2007-2008

Í nefndinni sitja:

Jóhann Ingi Gunnarsson.

Gauti Grétarsson.

Ingibjörg Ragnarsdóttir.

Jens Einarsson.

Friðrik Guðmundsson.

Viktor Ragnarsson

Haldnir voru (4) fundir og (6) blaðamannafundur á starfsárinu.

Helstu verkefni starfsársins voru sem hér segir.

- 1) Undirbúningur fyrir play off leiki við Serbía 10 og 17. júní 2006.
- 2) Undirbúningur fyrir EM í Noregi 2007.
- 3) Búningamál landsliða séð um að panta inn frá Uhlspor í Þýskalandi.
- 4) Undirbúningur fyrir Play of leiki við Makedóníu í júní n.k.
- 5) Nefndin þakkar þjálfurum og starfsmönnum á skrifstofu Handknattleikssambandsins fyrir gott samstarf.

2008 A-landslið karla

Fim. 24.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Spánn</u>	26-33
Mið. 23.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Ungverjaland</u>	36-28
Þri. 22.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Þýskaland</u>	27-35
Sun. 20.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Frakkland</u>	21-30
Lau. 19.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Slóvakía</u>	28-22
Fim. 17.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Svíþjóð</u>	19-24
Sun. 13.jan.2008	Laugardalshöll	<u>Ísland - Tékkland</u>	32-30
Mán. 14.jan.2008	Laugardalshöll	<u>Ísland - Tékkland</u>	33-28
Sun. 13.jan.2008	Lillehammer	<u>Ísland - Noregur</u>	19-36
Lau. 12.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Portúgal</u>	32-27
Fös. 11.jan.2008	Þrándheimur	<u>Ísland - Ungverjaland</u>	27-28
Sun. 6.jan.2008	Bronby	<u>Ísland - Danmörk</u>	36-37
Lau. 5.jan.2008	Valby	<u>Ísland - Noregur</u>	28-28
Fös. 4.jan.2008	Roskilde	<u>Ísland - Pólland</u>	31-35

2007 A-landslið karla

Lau. 27.okt.2007	Ásvellir	<u>Ísland - Ungverjaland</u>	32-31
Fös. 26.okt.2007	Laugardalshöll	<u>Ísland - Ungverjaland</u>	17-23

Sun. 17.jún.2007	Laugardalshöll	<u>Ísland - Serbía</u>	42-40
Lau. 9.jún.2007	Nis	<u>Ísland - Serbía</u>	29-30
Mið. 6.jún.2007	Prag	<u>Ísland - Tékkland</u>	26-25
Þri. 5.jún.2007	Prag	<u>Ísland - Tékkland</u>	29-28
Sun. 8.apr.2007	Paris	<u>Ísland - Túnis</u>	30-30
Lau. 7.apr.2007	Paris	<u>Ísland - Frakkland</u>	27-35
Fös. 6.apr.2007	Paris	<u>Ísland - Pólland</u>	32-36
Lau. 3.feb.2007	Köln	<u>Ísland - Spánn</u>	36-40
Fim. 1.feb.2007	Hamborg	<u>Ísland - Rússland</u>	25-28
Þri. 30.jan.2007	Hamborg	<u>Ísland - Danmörk</u>	41-42
Sun. 28.jan.2007	Dortmund	<u>Ísland - Þýskaland</u>	28-33
Lau. 27.jan.2007	Halle	<u>Ísland - Slóvenía</u>	32-31
Fim. 25.jan.2007	Halle	<u>Ísland - Pólland</u>	33-35
Mið. 24.jan.2007	Dortmund	<u>Ísland - Túnis</u>	36-30
Mán. 22.jan.2007	Magdeborg	<u>Ísland - Frakkland</u>	32-24
Sun. 21.jan.2007	Magdeborg	<u>Ísland - Úkraína</u>	29-32
Lau. 20.jan.2007	Magdeborg	<u>Ísland - Ástralía</u>	45-20
Sun. 14.jan.2007	Laugardalshöll	<u>Ísland - Tékkland</u>	34-32
Lau. 13.jan.2007	Laugardalshöll	<u>Ísland - Tékkland</u>	27-29
Sun. 7.jan.2007	Brøndby Hallen	<u>Ísland - Danmörk</u>	28-28
Lau. 6.jan.2007	Farum Park	<u>Ísland - Pólland</u>	40-39
Fös. 5.jan.2007	Roskilde	<u>Ísland - Noregur</u>	22-34

2007 u-21 ára landslið karla

8.4.2007	Spánn	<u>Ísland - Sviss</u>	35-32
7.4.2007	Spánn	<u>Ísland - Spánn</u>	27-31
6.4.2007	Spánn	<u>Ísland - Austurríki</u>	37-26

2007 u-19 ára landslið karla

23.10.2007	Danmörk	<u>Ísland - Danmörk</u>	26-31
22.10.2007	Danmörk	<u>Ísland - Danmörk</u>	23-34
7.7.2007	Gautaborg	<u>Ísland - Rússland</u>	23-34
6.7.2007	Gautaborg	<u>Ísland - Eistland</u>	29-26
6.7.2007	Gautaborg	<u>Ísland - Noregur</u>	20-25
5.7.2007	Gautaborg	<u>Ísland - Slóvenía</u>	26-26
5.7.2007	Gautaborg	<u>Ísland - Tékkland</u>	22-22
3.5.2007	Gautaborg	<u>Ísland - Ungverjaland</u>	23-14
27.5.2007	Noregur	<u>Ísland - Svíþjóð</u>	29-33
27.5.2007	Noregur	<u>Ísland - Danmörk</u>	26-30
26.5.2007	Noregur	<u>Ísland - Noregur</u>	34-33
26.5.2007	Noregur	<u>Ísland - Finnland</u>	29-14

2007 u-17 ára landslið karla

Lau. 29.des.2007	Merzig	<u>Ísland - Þýskaland</u>	34-33
Lau. 29.des.2007	Merzig	<u>Ísland - Frakkland</u>	36-40
Fös. 28.des.2007	Merzig	<u>Ísland - Frakkland</u>	19-34
Fös. 28.des.2007	Merzig	<u>Ísland - Pólland</u>	36-32
Sun. 28.okt.2007	Mjöndalshallen	<u>Ísland - Noregur</u>	33-28
Lau. 27.okt.2007	Drammenshallen	<u>Ísland - Noregur</u>	28-22
Fös. 26.okt.2007	Mjöndalshallen	<u>Ísland - Noregur</u>	26-32

Landsliðsnefnd karla

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna 2007-2008

Í nefndinni sitja

Árni Þór Árnason
Guðbjörg Jónsdóttir
Hildur Arnarsdóttir
Jón S. Jörundsson
Þorbjörg Gunnarsdóttir
Þór Ottesen
Helga Magnúsdóttir

Síðasta ár var mjög gott hjá landsliðum kvenna. Frá því að Júlíus Jónasson var ráðinn á A-landsliðið hafa orðið mikil kynslóðaskipti og þrátt fyrir það hefur árangurinn verið ágætur með þetta unga landslið. Stefán Arnarsson og Guðríður Guðjónsdóttir voru ráðinn á U - 20 ára og munaði hársbreidd að liðið kæmist í úrslit á HM sem fram fer nú í sumar. Guðríður og Hafdís Guðjónsdætur þjálfuðu U - 18 ára liðið og hefur það lið staðið sig frábærlega. Einnig settum við landlið stúlkna fæddar 92 og 93. Ómar Jónsson og Ægir Sigurgeirsson voru ráðnir í það verkefni.

Framtíðin er mjög björt hjá kvennfólkinu og eigum við marga mjög efnilega leikmenn.

A landslið kvenna 2007

Sun. 2.des.2007	Panevezys	<u>Ísland - Hvíta-Rússland</u>	31-30
Lau. 1.des.2007	Panevezys	<u>Ísland - Bosnía - Herzegovína</u>	27-22
Fös. 30.nóv.2007	Panevezys	<u>Ísland - Grikkland</u>	40-27
Mið. 28.nóv.2007	Panevezys	<u>Ísland - Ísrael</u>	34-17
Þri. 27.nóv.2007	Panevezys	<u>Ísland - Litháen</u>	19-35
Sun. 21.okt.2007	Rotterdam	<u>Ísland - Spánn</u>	20-29
Lau. 20.okt.2007	Rotterdam	<u>Ísland - Spánn</u>	19-30
Fös. 19.okt.2007	Rotterdam	<u>Ísland - Japan</u>	24-31
Fim. 18.okt.2007	Rotterdam	<u>Ísland - Holland</u>	22-24
Fös. 8.jún.2007	Höllin	<u>Ísland - Þýskaland</u>	24-35
Mið. 6.jún.2007	Framhús	<u>Ísland - Þýskaland</u>	26-35
Mið. 23.maí.2007	Arnhem	<u>Ísland - Holland</u>	21-30
Þri. 22.maí.2007	Arnhem	<u>Ísland - Holland</u>	18-28
Fös. 2.mar.2007	Cheb	<u>Ísland - Tékkland</u>	30-25
Fim. 1.mar.2007	Cheb	<u>Ísland - Slóvakía</u>	26-34

u-20 ára landslið kvenna 2007

Sun. 5.ágú.2007	Bollnaas	<u>Ísland - Noregur</u>	19-15
Lau. 4.ágú.2007	Bollnaas	<u>Ísland - Danmörk</u>	14-33
Fös. 3.ágú.2007	Bollnaas	<u>Ísland - Svíþjóð</u>	28-31
Lau. 7.apr.2007	Rússland	<u>Ísland - Grikkland</u>	46-16
Sun. 8.apr.2007	Rússland	<u>Ísland - Rússland</u>	26-31

u-18 ára landslið kvenna 2007

Fös. 27.júl.2007	Pionir	<u>Ísland - Tékkóslóvakía</u>	30-32
------------------	--------	-------------------------------	-------

Fim. 26.júl.2007	Pionir	<u>Ísland - Holland</u>	21-26
Mið. 25.júl.2007	Pionir	<u>Ísland - Tékkóslóvakía</u>	31-31
Þri. 24.júl.2007	Pionir	<u>Ísland - Serbía</u>	25-29
Mán. 23.júl.2007	Pionir	<u>Ísland - Danmörk</u>	21-34
Sun. 4.mar.2007	Roman	<u>Ísland - Portúgal</u>	27-21
Lau. 3.mar.2007	Roman	<u>Ísland - Rúmenía</u>	16-26
Fös. 2.mar.2007	Roman	<u>Ísland - Tékkóslóvakía</u>	24-26

Landsliðsnefnd kvenna

Skýrsla mótanefndar 2007-2008

Mótanefnd HSÍ hefur á þessu starfsári verið skipuð Andrési Gunnlaugssyni, Halldóri Inga Andréssyni, Hannesi M. Sigurðssyni og Má Svavarssyni sem formanni. Róbert Gíslason hefur verið starfsmaður nefndarinnar og allt daglegt starf hennar og stór hluti mótaskipulags hefur hvílt á herðum hans. Mótanefnd færir Róberti sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Þá hefur nefndin sem fyrr átt góð og ánægjuleg samskipti við skrifstofu HSÍ, einkum Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóra, sem einnig er ástæða til að þakka fyrir.

Megin störf mótanefndar voru líkt og undanfarin ár skipulag móta og umsjón með framkvæmd þeirra. Nokkrir fundir hafa verið haldnir þar sem nefndarmenn hafa hist til að fara yfir stefnumarkandi mál, annars hafa þau fáu mál sem lent hafa á borði mótanefndar verið afgreidd á símafundnum eða í gegnum tölvupóst.

Á síðasta ársþingi var gerð sérstök samþykkt varðandi umgjörð leikja, sem átti að virka hvetjandi á félögin og jafnframt með það í huga að laða að fleiri áhorfendum. Í upphafi leiktíðar reyndu félögin að vanda sig við framkvæmd leikja, og fyrst um sinn mátti merkja aukinn áhuga hjá áhorfendum. Er líða fór á leiktíðina fór þó að bera á að það slaknaði á þessum þáttum hjá félögunum og undir lokin var umgjörð leikja næstum komin í sama far og árið áður. Greinilegt er að metnaður félaga, til þess að hafa þá þætti sem snúa að leiknum sjálfum og áhorfendum hans og löngun til þess að auka áhorf á heimaleiki, mjög misprosaður. Sem betur fer eru til félög sem setja umgjörðina í öndvegi og mættu önnur félög taka þau sér til fyrirmyndar.

Mótanefnd hefur eins og áður kynnt félögunum fyrirkomulag mótsins, leikdaga og leiktíma með góðum fyrirvara áður en mót hefst. Félögin hafa síðan fengið nokkurn frest til að gera athugasemdir eða óska eftir breytingum. Nefndin hefur reynt að taka eins mikið tillit til þeirra óska um breytingar og kostur er, en hafa verður í huga að á köflum er leikið mjög þétt og svigrúm til breytinga er ekki mikið. Eftir að frestur til athugasemda er liðinn og búið er að gefa út leikjaskipulagið hefur nefndin ekki ljáð máls á breytingum öðrum en þeim sem óhjákvæmilegar hafa verið vegna landsleikja og þátttöku liða í Evrópukeppnum.

Það er mat nefndarinnar að almennt sé sátt um þessa tilhögun mála og flest félögin hafa fullan skilning á nauðsyn þessa fyrirkomulags og að haldið sé þétt um taumana. Eftir að fyrirkomulag Íslandsmótsins hefur verið gefið út, verða félögin einfaldlega að miða starfsemi sína við það. Það hafa þau í flestum tilvikum líka gert og óskir um breytingar á leikdögum eru nær óþekktar. Nefndin hefur hins vegar markað þá stefnu að heimila breytingar á leiktíma sé þess talin þörf.

Mótanefnd ber einnig að hafa umsjón með framkvæmd leikja og umgjörð þeirra. Því er ekki að leynd að nokkur brotalöm er í þeim málum, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Víkið hefur verið að umgjörð leikja hjá efstu deildum karla og kvenna hér að ofan. Umgjörð leikja hjá yngri flokkunum hefur batnað frá því sem var

á síðustu leiktið, en betur má ef duga skal. Félögin þurfa að leggja metnað í að fjölga dómurum og sjá um að þeir hljóti tilhlýðilega menntun. Með menntuðum dómurum má ætla að virðing keppenda, þjálfara og áhorfenda fyrir íþróttinni vaxi.

Almennt hefur þó framkvæmd móta í yngri flokkunum tekist ágætlega þegar á heildina litið og hafa kvartanir ekki verið margar eða alvarlegar.

Mótanefnd vill að lokum þakka forráðmönnum félaga og öllum þeim öðrum, sem hún hefur átt samskipti við, ágætt samstarf.

f.h. mótanefndar HSÍ.

Már Svavarsson
formaður

Skýrsla dómaranefndar 2007-2008

Haustfundur var haldinn í september þar sem mættu um þrjátíu dómarar. Þeir gengust undir bæði bókleg og líkamleg próf og stóðu sig flest með miklum sóma. Öll dómarapör í N1 deild karla og kvenna stóðust prófin. Á fundinum var farið yfir áherslur vetrarins og nýtt kerfi við mat á hæfni dómara.

Fundur var aftur haldinn í janúar um sömu mál og áherslur vetrarins yfirfarnar. Nýtt matskerfi var nú formlega tekið í notkun og verður það notað við að meta hæfi dómara og raða þeim í hópa.

Tvö námskeið voru haldinn fyrir dómaraefni í vetur. Fyrst var haldið landsdómaranámskeið í Reykjavík þar sem 11 dómarar þreyttu próf og annað námskeið var haldið á Húsavík þar sem 12 aðilar þreyttu unglíngadómarapróf. Námskeiðin voru haldinn án endurgjalds frá þátttakendum og sá dómaranefndarmenn um að halda þau. Þrír einstaklingar dæmdu sína fyrstu leiki í N1 deildinni á þessu keppnistímabili. Koma þarf námskeiðsmálum í miklu betra horf. Lítið er til af efni og hafa leikreglur meðal annars ekki verið þýddar á íslensku frá því 2005, en það stendur til bóta. Námskeiðsmálum þarf að stilla þannig upp að hægt sé að sækja dómaranámskeið í fjarnámi á heimasíðu HSÍ, eins og reglur segja til um, og félögin þurfa að sinna grunnkennslu og –þjálfun með efni og aðstoð dómaranefndar í talsvert ríkara mæli en gert hefur verið.

Brynjar Einarsson og Vilbergur Sverrisson hættu að dæma á árinu af persónulegum ástæðum en dómaranefnd fékk Brynjar til liðs við sig í stað Ólafs Arnar Haraldssonar sem varð að segja sig úr nefndinni um áramótin af persónulegum ástæðum.

Anton G. Pálsson og Hlynur Leifsson voru kosnir besta dómarapar ársins af leikmönnum og félögum fyrir keppnistímabilið 2007-2008. Þeir voru einnig kosnir dómarapar annarrar og fjórðu umferðar hjá valnefnd N1 deildarinnar og Valgeir Ómarsson og Þorlákur Kjartansson voru kosnir dómarapar fyrstu umferðar og Gunnar Jarl Jónsson og Hörður Aðalsteinsson þriðju umferðar.

Ólafur Örn Haraldsson sótti fund norrænna dómaranefnda í Helsinki í október þar sem rætt var meðal annars um dómaraskipti, nýja matsskýrslu og fleira.

Guðjón L. Sigurðsson og Guðmundur K. Erlendsson sóttu eftirlitsmannanámskeið EHF í Danmörku í maí 2007 og þau Kjartan K. Steinbach, Gunnar K. Gunnarsson og

Helga Magnúsdóttir sóttu slíkt námskeið í Rotterdam í október 2007. Eftirlitsmenn verða að sækja slík námskeið til að fá að starfa fyrir EHF og eru nú fjórir eftirlitsmenn á vegum EHF en Guðmundur K. Erlendsson dró sig í hlé af persónulegum ástæðum og sagði að auki af sér formennsku í dómarnefnd um mitt sumar.

Samhliða eftirlitsmannanámskeiðinu í Rotterdam var haldið námskeið fyrir nýja EHF dómara sem þeir Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson sóttu. Þeir stóðu sig með mikilli þrýði og voru útskrifaðir eftir námskeiðið sem EHF dómara og hafa þegar fengið nokkur verkefni í vetur.

Arnar Sigurjónsson og Svavar Pétursson, sem hafa tekið þátt í „Young Referee Project“ á vegum IHF, dæmdu á Ólympíuleikum æskunnar þar sem þeir dæmdu meðal annars úrslitaleikinn.

Formaður dómarnefndar hélt úti bloggsíðu í vetur á mbl.is <http://hsi-domarnefnd.blog.is/blog/hsi-domarnefnd/> þar sem fjallað var um ýmis mál tengdum dómurum.

Dómarnefnd hélt tíu fundi og voru nefndarmenn duglegir að mæta á leiki til að fylgjast með. Formaður setti þau markmið að auka hlut kvenna í dómarnefnd og starfaði Ásta K. Sveinsdóttir með henni í vetur en ekki tókst að fá annan kvenmann til að starfa með nefndinni. Mjög nauðsynlegt er að kvenmenn fái til starfa, bæði í nefndinni og sem dómara og ætti það að vera markmið hreyfingarinnar í heild að auka hlut kvenna í dómaramálum.

Ákveðið var að auka eftirlit á leikjum í meistaraflokki frá því sem verið hefur, bæði í karla- og kvennaflokki í kjölfar ákveðinna vandamála sem komu upp við framkvæmd leikja. Eftirlitsmenn höfðu frumkvæði á lækkun gjaldskrár og félögunum þótti styrkur að því að fá eftirlitsmenn á leiki. Þetta er í samræmi við þróun annars staðar í Evrópu og er vonandi komið til að vera þar sem eftirlitsmenn hafa eftirlit með framkvæmd leikja og meta störf dómara.

Góður friður var lengst af um störf dómara og ber þar sérstaklega að þakka skilningi þjálfara á störfum þeirra og dómarnefndar. Fyrirhugað er að bæta enn betur samstarf á milli dómara og þjálfara á næsta keppnistímabili því það er forsenda þess að borinn sé virðing fyrir störfum hvors annars.

Síðast liðinn vetur sá skrifstofa HSÍ um að boða dómara, taka við afboðunum og aðstoða dómarnefnd við að raða á leiki. Hér er um geysi tímafrekt starf að ræða og vill dómarnefnd þakka skrifstofu HSÍ og þá sérstaklega Róberti Gíslasyni fyrir þá polinmæði og langlundargeð sem hann sýndi í störfum sínum í vetur.

Dómarnefnd HSÍ 2007-2008 var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Guðmundur K. Erlendsson formaður (Til júlí 2007)

Guðjón L. Sigurðsson formaður (Frá júlí 2007)

Ásta K. Sveinsdóttir

Davíð B. Gíslason

Ólafur Örn Haraldsson (Til janúar 2008)

Brynjar Einarsson (Frá janúar 2008)

EHF/IHF dómara.

Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

EHF dómara

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

EHF “Young Referee Project” dómarar.

Arnar Sigurjónsson - Svavar Pétursson
Helgi Hallsson – Sigurjón Þórðarson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson
Guðjón L. Sigurðsson
Helga H. Magnúsdóttir
Kjartan K. Steinbach

Eftirlitsmenn HSÍ

Andrés Gunnlaugsson
Brynjar Einarsson
Davíð B. Gíslason
Ólafur Örn Haraldsson
Róbert Gíslason

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

Skýrsla aganefndar 2007-2008

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson	formaður
Vala Valtýsdóttir	lögfræðingur
Rögnvald Erlingsson	
Til vara:	
Þorsteinn Einarsson	

Á starfsárinu hélt aganefnd 32 bókaða fundi og tók fyrir 117 mál sem henni voru send. Flest voru í raun afgreiðslumál og afgreidd í samræmi við “Reglugerð fyrir Aganefnd”. Nokkur mál voru erfiðari og var það oftast vegna framkomu leikmanna og forráðarmanna utan leiks. Öll mál voru afgreidd.

Gunnar K. Gunnarsson
Formaður.

Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar 2007-2008
--

Fræðslu- og útbreiðslunefnd stóð fyrir tveim námsskeiðum tímabilið 2007 – 2008. Þjálfaranámskeiði 1 A, sem fram fór 20-21 september 2007 og tóku um 40 þátt í námskeiðinu. Markmannsnámskeið Björgvins Gústavssonar, sem fram fór í Vodafone höll Vals laugardaginn 23. febrúar tókst afar vel. Um fimmtíu manns sóttu námskeiðið. Framhaldsnámskeið fyrir markverði verður haldið laugardaginn 17. maí í íþróttahúsinu Digranesi og fyrirlesari á námskeiðinu er enginn annar en Claes Hellgren, einn besti markmannsþjálfari veraldar. Claes Hellgren mun koma til Íslands í fjögur skipti á þessu ári til þess að leiðbeina þjálfurum og markvörðum á Íslandi. Ásamt því að standa fyrir þessum námskeiðum hefur Fræðslunefnd staðið fyrir útgáfu á fræðsluheftum í handknattleik á tölvutæku formi. Þetta eru fræðsluheftin “Leikir og boltar fyrir byrjendur” (6. flokkur) og “ákvarðanataka og leikskilningur” (5. og 4. flokkur).

Hefti þessi voru unnin af meðlimum fræðslunefndar. Það er von fræðslunefndar að þessi útgáfa hafi verið gagnleg og er stefnan tekin á að auka útgáfu sem þessa á komandi tímabili.

Fræðslunefnd hóf á þessu tímabili yfirferð yfir fræðslumál sambandsins, með það að markmiði að samræma þau að fræðslu í Noregi og Danmörku. Þessi vinna var sett til hliðar, tímabundið, þar sem þó nokkrar breytingar voru fyrirsjáanlegar á uppsetningu fræðslunefndar. Kristján Halldórsson kemur til starfa hjá HSÍ í ágúst 2008 og mun koma að fræðslumálum. Einnig mun nýr formaður taka við nefndinni eftir Ársþing HSÍ 17. maí 2008, nái breytingar fram að ganga á þinginu.

Eingöngu hafa tveir menn skipað Fræðslunefnd HSÍ frá áramótum 2008 og er það mat nefndarmanna að mun fleiri þurfi að koma að störfum hennar svo vel sé gert. Því fögnum við fyrirhuguðum breytingum á störfum nefndarinnar og vonumst til að þetta hleypi krafti í störf hennar til frambúðar.

Að lokum viljum við þakka starfsmönnum HSÍ, sem og öðru handknattleiksfólki, góða samvinnu á liðnu starfsári.

Fræðslu-og útbreiðslunefnd HSÍ maí 2008.

Kristinn Guðmundsson
Erlingur Richardsson

Skýrsla móttökunefndar 2007-2008

Eftirtalin lið heimsóttu okkur á liðnu keppnistímabili.

Tékkar komu 12.-16. janúar.
Leikið var 13. og 14. í Laugardalshöll
Gist var á Hótel Smára í Kópavogi.

Þjóðverjar (kvinnalið) komu í heimsókn 4.-9. júní.
Leikið í Vestmannaeyjum 6. júní og Laugardalhöll 8. júní.
Gist á Hótel Smára í Kópavogi.

Serbar komu 16.-18. júní.
Leikið var 17. júní í Laugardalshöll.
Gist á Hótel Smára í Kópavogi.

Ungverjar komu í heimsókn 25. okt. – 28. okt.
Leikið var 26. okt í Laugardalshöll og 27. á Ásvöllum.
Gist Hótel Smári í Kópavogi.

Búlgaríá, Ungverjar, Írland og Serbía komu 18.-24. mars. (kvinnalið)
Leikirnir fóru fram í Íþróttahúsinu Digranesi í Kópavogi.
Gist á Hótel Cabin.

Tyrkir, Finnar, og Lettar (undir 18 ára karla) komu 8. -12. maí.
Mótið fór fram í Austurbergi.
Gist var á Hótel Örk í Hveragerði.

Móttökunefnd vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við komu þessara liða.

Sérstaklega Ingvari á Salatbarnum fyrir hans einstöku þjónustu og skemmtilega framkomu.

Reykjavík í maí 2008.

F.h. móttökunefndar,
Guðmundur Sk. Stefánsson.

8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar

Ásgerður Halldórsdóttir gjaldkeri tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni og gjaldkera og yfirförnum af ráðnum skoðunarmönnum. Reikningar voru yfirfarnir lið fyrir lið. Staðfestist þá meðal annars að eigið fé er jákvætt í þetta sinn, í fyrsta sinn frá árinu 1995, og engar langtímaskuldir áhvílandi. Í því tilefni þakkaði hún Guðmundi P. Davíðssyni fyrrum stjórnarmanni HSÍ og Björgólfi Guðmundssyni fyrir að fella niður langtímaskuldir, frá sama ári, 1995, þegar sambandið fór í nauðungarsamninga.

Undir lokin notaði Ásgerður tækifærið og þakkaði fyrir ánægjulegt samstarf undanfarin ár, vinnan hafi verið bæði krefjandi og mjög skemmtileg. Tilkynnti hún þá að hún gæfi ekki kost á sér til gjaldkera næsta ár.

Þingforseti gaf orðið laust um rekstrar- og efnahagsreikninga, um leið og hann áréttaði að fólk yrði að hafa hraðar hendur vildi það kveða sér hljóðs, því orðið sé ekki laust mjög lengi. Enginn bað um orðið.

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanefndar las þá upp valda og mætta fulltrúa liða og héraðssambanda til nefndarálita og áheyrnar. Alls höfðu 79 fulltrúar atkvæðisrétt á þinginu. Þar af voru mættir á þingið 38 fulltrúar. Minnti hún á að kjörbréfanefnd myndi halda áfram að starfa út þingið.

Ársreikningar (rekstrar- og efnahagsreikningar) bornir upp til samþykktar.

Ársreikningar ársins 2007 voru samþykktir samhljóða.

Hafsteinn Pálsson frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands fékk orðið.

Hann byrjaði á að flytja kveðjur forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar og starfsfólks. Þá óskaði hann sambandinu til hamingju með þær ánægjulegu fréttir og þann árangur sem náðst hefur í rekstri sambandsins.

Ólympíuleikar verða í ár og vonum við öll það besta og að árangur skili sér í hús. Horfum við full tilhlökkunar til leikanna og trúum á árangur. Vonandi eigi það við um alla í salnum.

Einna helstu baráttumálin á undanfögnu árum hafa verið styrkir stjórnvalda til sérsambanda. Mjög ánægjulegt var þegar sá styrkur náðist og hefur hann farið stigvaxandi. Annað sem náðist í fyrsta skiptið fyrir síðasta ár voru ferðastyrkirnir. Byggði það baráttumál á víðtækum stuðningi innan hreyfingarinnar og skilaði það sér gegnum Alþingi. Fara styrkirnir stigvaxandi á næstu árum, byrja í 30 milljónum, að því er Hafstein minnti. Þetta ætti að ná að styrkja flokkaíþróttir sérstaklega um land allt.

Þá skiptir einnig miklu máli að standa vörð um fyrirtækin sem verið er að reka. Nefndi hann sérstaklega Íslenska getsþá og getraunir. Það er mikil ásókn á þessum markaði og hefur hún verið að skila hreyfingunni fjármagni. Hvatti hann alla til að nýta tækifærin sem þarna eru!

Þá taldi Hafsteinn við hæfi að hann nefndi sérstaklega átaksverkefnið sem Íþrótt- og Ólympíusambandið stendur fyrir með almenningi undir yfirskriftinni Ísland á iði. Þar var í vetur startað verkefni undir yfirskriftinni Lífshlaupið, í því augnmiði að virkja alla landsmenn til þátttöku. Eins er átakið Hjólað í vinnuna auk kvennahlaupsins, sem allt eru verkefni til að fá fjöldann til liðs, að bæta ímyndina og efla almenning til þátttöku í leik og starfi innan hreyfingarinnar.

Ásgerður Halldórsdóttir var kölluð fram.

Hafsteinn tók að sér það embættisverk að heiðra Ásgerði fyrir störf sín fyrir HSÍ í áraraðir, fyrir Gróttu og viðkomu að afrekasjóði ÍSÍ. Einnig kom hún að fyrstu vinnu

við að móta gæðaviðurkenningar til íþróttahreyfingarinnar, sem hefur skilað sér vel og margir hafa fengið. Framkvæmdastjórn Íþrótt- og ólympíusambandsins ákvað því einróma að veita henni hér með gullmerki sambandsins. Hún uppskar mikið lófaklapp.

Loks óskaði Hafsteinn þess að allir eigi árangursríkt þing og ánægjulegt handboltaár. Þingforseti þakkaði Hafsteini innilega fyrir.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun var fylgt úr hlaði af Ásgerði Halldórsdóttur gjaldkera. Áætluninni var dreift sérstaklega. Rekstraráætlun miðast við árið sem verið var að samþykkja og síðan er gert ráð fyrir áhrifum verðbóta. Fjárhagsáætlun skyldi fara fyrir fjárhagsnefnd.

FJÁRHAGSÁÆTLUN: SJÁ MEÐFYLGLANDI SKJAL Á NÆSTU SÍÐU.

Orðið var gefið laust um fjárhagsáætlun. Enginn gaf sig fram. **Samþykkt var samhljóða að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.**

10. Lagðar fram tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum
Ekki liggja fyrir aðrar tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum.

11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa.

Engar aðrar tillögur eða önnur mál hafa borist.
Þinghlé og nefndarstörf.

12. Nefndarálit og atkvæðagreiðslur

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanefndar kom aftur fram og las upp breytingar á nærstöddum fulltrúum. Einhverjir bættust við og aðrir yfirgáfu svæðið. Fulltrúar eru nú alls 64.

Fjárhagsáætlunin:

Ásgerður Halldórsdóttir talsmaður fjárhagsnefndar sté í pontu og gerði grein fyrir því að nefndin kom ekki með neinar breytingartillögur. Því var lagt til að vísa áætlun óbreyttri til atkvæða. Enginn hafði við þetta að athuga. Þá var gengið til atkvæða um fjárhagsáætlun ársins 2008.

Fjárhagsáætlun ársins 2008 var samþykkt samhljóða.

Bergþóra Sigmundsdóttir hjá laga- og reglunefnd fékk orðið. Hún þakkaði góðar og málefnalegar umræður og góða þátttöku. Kom þar fram að Víkingur og Afturelding drógu tillögur sínar (þingskjöl 4.1 og 4.2) til baka og fengu þeir þakkir fyrir það. Þar með liggur fyrir einungis ein breytingartillaga nefndarinnar, þingskjal 4.3, við lagabreytingartillögu stjórnar.

Þingskjöl 4 og 4.3 opin til umræðu. Enginn óskaði eftir að taka til máls.



51. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

17. maí 2008

Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Stjórn HSI

Var

1. Lög Handknattleikssambands Íslands

- 1.1.** Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) er æðsti aðili handknattleiks mála innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Aðsetur sambandsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.
- 1.2.** HSÍ er samband handknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga, og eiga öll félög innan ÍSÍ, sem iðka, æfa og keppa í handknattleik, rétt á aðild að HSÍ.
- 1.3.** Hlutverk HSÍ er í megin atriðum:
- a) að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála,
 - b) að vinna að eflingu handknattleiks í landinu.
 - c) að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu,
 - d) að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met,
 - e) að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi og vera aðili að Alþjóðahandknattleikssambandinu (IHF) og Evrópusambandinu (EHF) og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.
- 1.4.** Málefnum HSÍ stjórna:
- a) Handknattleiksþingið.
 - b) Stjórn.
- 1.5.** Handknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum HSÍ. Fulltrúafjöldi félaga miðast við fjölda keppenda mótum á vegum HSÍ þannig að:
- 1) fyrir færri en 50 keppendur fæst einn fulltrúi,
 - 2) fyrir 50 til 125 keppendur fæst annar fulltrúi,
 - 3) fyrir 125 til 200 keppendur fæst þriðji fulltrúinn,
 - 4) fyrir 200 keppendur eða fleiri fæst fjórði fulltrúinn.
- Félag sem ekki sendir keppendur til keppni það leikár skal þó eiga rétt á einum fulltrúa.
- Þingið skal haldið árlega eigi síðar en 1.maí. Skal boða það bréflega með eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 21 degi fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingið. Handknattleiksþingið er lögmett ef löglega er til þess boðað.
- 1.6.** Á handknattleiksþingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt, þó eingöngu fulltrúar sambandsaðila sem eru skuldlausir við HSÍ. Auk þess eiga rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:
- a) Stjórn HSÍ.
 - b) Endurskoðendur HSÍ.

- c) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- d) Framkvæmdastjórnar HSÍ og ÍSÍ.
- e) Allir nefndarmenn fastanefnda HSÍ.
- f) Dómarar Dómstóls og Áfrýjunardómstóls.
- g) Íþróttafulltrúi ríkisins.
- h) Stjórn HDSÍ.

Auk þess getur stjórn HSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til. Hver þingfulltrúi fer með eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf, sem gefin eru út af aðildaraðilum á þar til gerðu eyðublaði, sem HSÍ sér þeim fyrir. Skulu þau staðfest af Kjörbréfanefnd.

- 1.7.** Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukaþings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings.

Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má nýjan í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur, fluttur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn fimm manna, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leiti gilda reglur um reglulegt handknattleiksþing.

- 1.8.** Störf handknattleiksþings eru:

1. Þingsetning.
2. Kosning kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta og varaþingforseta.
4. Kosning þingritara og varaþingritara.
5. Þinggerð síðasta árs lögð fram.
6. Kosnar nefndir:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laga- og reglnanefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver.

7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga HSÍ til samþykktar.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár.
10. Lagðar fram laga- og reglnabreytingar þær sem fram koma.
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar.
12. Nefndaálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
13. Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils.
14. Önnur mál.
15. Kosning stjórnar.
16. Kosning 2 endurskoðenda og 2 til vara.
17. Kosning Dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir.
18. Kosning í Áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir.
19. Kosning 1 manns í heiðursmerkjanefnd.
20. Kosning 2 manna í dómaragjaldanefnd.
21. Kosning fulltrúa á íþróttáþing.
22. Þingslit.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (sbr. 5. gr. 3. málsg.). Þó skal óheimilt að afgreiða tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum HSÍ, sem lagðar eru fram eftir að ársþing er hafið, nema slíkt sé nauðsynlegt vegna annarra tillagna sem samþykktar hafa verið á þinginu eða fluttar sem breytingartillögur við aðrar tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Stjórn HSÍ skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum HSÍ fundargerð ársþings og gildandi lög og reglugerðir sambandsins í síðasta lagi 1. júlí ár hvert.

- 1.9.** Stjórn HSÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn HSÍ skipa 7 menn kosnir til eins árs í senn. Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann, þá varaformann, síðan ritara, og svo gjaldkera og síðan 3 meðstjórnendur. Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir. Fá 2 menn eða fleiri jafnmörg atkvæði skal

kosið á milli þeirra einu sinni og fá þeir enn á ný jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti. Formaður skal boða stjórnarfundum og stjórna þeim.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Allar kosningar til formanns og stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli manna á handknattleiksþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fá fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

Til þess að ná kjöri sem formaður HSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Á stjórnarfundum skal boða auk stjórnarmanna, formenn landsliðsnefnda karla og kvenna, formenn mótanefndar og formenn dómarnefndar HSÍ. Hafa þeir tillögurétt og málfrelsi á stjórnarfundum en ekki atkvæðarétt. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum starfslýsingu.

Reikningsár HSÍ er frá 1.janúar til 31. desember. Skulu reikningar liggja frammi viku fyrir ársþing. Milliuppgjör skal liggja fyrir 31. ágúst.

1.10. Starfssvið stjórnar HSÍ er:

- a. að sjá til þess að ákvörðunum og ályktunum handknattleiksþings sé framfylgt, og að lög og reglugerðir HSÍ séu haldin.
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu.
- c. að semja um og taka ákvörðun um þátttöku íslenskra landsliða í keppnum erlendis og koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks í landinu.
- d. að staðfesta ákvarðanir heiðursmerkjanefndar um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
- e. að tilnefna menn til starfa á vegum alþjóðasamtaka, m.a. eftir tilnefningu fastanefnda.
- f. að skipa menn í nefndir HSÍ.
- g. að velja handknattleiksmann ársins að beiðni ÍSÍ.
- h. að skipuleggja daglegan rekstur sambandsins.
- i. að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur.
- j. að skera úr ágreiningi um handknattleiksmál.
- k. að hafa yfirstjórn með landsmótum.
- l. að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi og hafa samráð við framkvæmdastjórn ÍSÍ um ákvörðun á landsmótum og alþjóðamótum sem haldinn eru hérlendis.
- m. að vinna að fjáröflun til að standa undir kostnaði af rekstri sambandsins.

- n. að skipa uppstillingarnefnd eigi síðar en 2 mánuðum fyrir ársþing HSÍ.
- o. að standa fyrir formannafundum.

1.11. Handknattleiksráðin, héraðssamböndin og íþróttabandalögin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar HSÍ. Ársskýrslur um störf sérráða (héraðssambanda) skal senda stjórn HSÍ innan eins mánaðar að afloknum ársfundi (aðalfundi) viðkomandi ráðs (sambands).

1.12. Fastanefndir HSÍ eru:

- a. Aganefnd,
- b. Búninganefnd,
- c. Dómaranefnd,
- d. Fræðslu- og útbreiðslunefnd,
- e. Heiðursmerkjanefnd,
- f. Laganefnd,
- g. Landsliðsnefnd karla,
- h. Landsliðsnefnd kvenna,
- i. Læknanefnd,
- j. Mótanefnd,
- k. Móttökunefnd,

og skal vera reglugerð fyrir hverja nefnd.

1.13. Stjórn HSÍ, fastanefndir HSÍ, dómstólar HSÍ og starfsmenn, hafa frjálstan aðgang að öllum handknattleiksmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda HSÍ. Stjórn HSÍ á rétt til að sitja aðalfundi sérráða, HDSÍ og dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu. Stjórn HSÍ sendi formönnum allra aðildarfélaganna og héraðssambanda þeirra afrit allra fundargerða stjórnarinnar eða úrdrátt þeirra, í fréttabréfi mánaðarlega eða oftár ef nauðsyn ber til.

1.14. Handknattleiksþingi er heimilt að kjósa heiðursformann Handknattleikssambands Íslands, ef 2/3 mætra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

1.15. Heiðursformenn HSÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á handknattleiksþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn HSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

1.16. Dómstig HSÍ eru tvö.

1.16.1. Dómstóll HSÍ og Áfrýjunardómstóll HSÍ skuli starfa skv. Lögum um dómstóla Handknattleikssambands Íslands.

1.17. Tillögu um að leggja HSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögsmætu handknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þessa þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar.

Verði tillagan samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja HSÍ niður.

Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa eigi eignum HSÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar handknattleiksíþróttarinnar í landinu.

1.18. Lög þessi öðlast þegar gildi.

I Dómstólar HSÍ

1. grein - Dómstigin.

1. Dómstólar Handknattleikssambands Íslands eru Dómstóll HSÍ og Áfrýjunardómstóll HSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Handknattleikssambands Íslands og sem varða lög og reglur Handknattleikssambands Íslands eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu Dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar. Dómstólar HSÍ skulu lúta dómstólareglum Handknattleikssambands Íslands og skulu öll ágreiningsmál er varða handknattleik rekin fyrir dómstólum HSÍ. Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar, eftir því sem við getur átt.

2. Dómstóll HSÍ er fyrsta dómstig í málum, sem upp koma innan handknattleikshreyfingarinnar.

3. Áfrýjunardómstóll HSÍ er æðsti dómstóll innan handknattleikshreyfingarinnar.

4. Dómstólar HSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSÍ. Handknattleikssambandi Íslands ber að tilkynna án tafar allar breytingar, sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú, sem haldin er á skrifstofu HSÍ, telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

II Dómstóll HSÍ

2. grein - Skipan dómsins.

1. Dómarar Dómstóls HSÍ skulu vera 3 og 3 til vara, allir löglærðir.

2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu Ársþingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega Ársþingi HSÍ.

3. Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt Ársþing HSÍ skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann og varaformann.

4. Einn dómari skal fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulegu dómurum fer með málið.

5. Nú telur dómari þörf á meðdómurum og er honum þá heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara í dóminn. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.

3. grein - Kæruréttur.

1. Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingur og félag, sem misgert er við og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls.

4. grein - Meðalganga og upplýsingagjöf.

1. Aðila, sem hefur kærurétt skv. 3. grein, er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins

5. grein - Kærufrestur.

1. Kærufrestur til Dómstóls HSÍ er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.

2. Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi 24 tíma frest til að skjóta málinu aftur fyrir Dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda.

6. grein - Form og efni kæru.

1. Kæra skal vera skrifleg.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í kæru:

1. Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang kæranda.

2. Nafn kærða, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang kærða.

3. Nafn fyrirvarsmanns kæranda, heimilisfang hans og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang.

4. Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu.

5. Lýsing helstu málavaxta.

6. Tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga.

7. Lýsing á helstu röksemdum aðila málsins.

8. Lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum.

9. Upptalning á þeim vitnum, sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.

3. Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dóminum í tveimur eintökum. Heimilt er að senda kæru með faxi, en þó skal frumrit ævinlega sent.

7. grein - Málsmeðferð.

1. Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

2. Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 5. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

3. Telji dómsformaður að málið sé réttilega höfðað skal hann innan tveggja virkra daga ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

4. Sé dómsformaður forfallaður skal varaformaður annast þau verkefni sem til falla.

5. Dómari, sem fær mál til meðferðar, skal án tafar senda kærða (varnaraðila) áskorun um að halda uppi vörnum í málinu, ásamt afriti af kærinni. Áskorunina skal senda með ábyrgðarbréfi, faxi eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en 3 dagar. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 6. grein, eftir því sem við getur átt.

6. Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Handknattleikssambandi Íslands eða öðrum þeim, sem málið varðar.

7. Þegar dómari hefur mótttekið greinargerð varnaraðila, skal hann boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess, þ.m.t. hvort málið skal flutt munnlega eða skriflega og hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómþingi. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Dómari getur ákveðið annan hátt á málsmeðferð eftir þingfestingu.

8. Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur kveðinn upp innan viku frá því að málflutningi lauk.

9. Birta skal aðilum dóm eða úrskurð í ábyrgðarbréfi, með faxi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögu og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

8. grein - Flýtimeðferð máls.

1. Telji formaður dómsins augljóst, við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum handknattleikshreyfingarinnar,

er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila, að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslaugar er honum heimilt með úrskurði að dæma kæranda í hag.

9. grein - Tilnefning talsmanns fyrir dómi.

1. Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra HSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri HSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi í málinu.

III Áfrýjunardómstóll HSÍ

10. grein - Skipan dómsins.

1. Áfrýjunardómstóll HSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 3 löglærðum til vara.
2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu Ársþingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega Ársþingi.
3. Dómstóllinn kys sér forseta.

11. grein - Áfrýjun.

1. Heimilt er að skjóta til Áfrýjunardómstóls HSÍ, dómum og úrskurðum Dómstóls HSÍ.
2. Frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstólsins skal vera 3 dagar frá því dómur Dómstóls HSÍ var upp kveðinn.
3. Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda Áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum, sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

12. grein - Ný gögn og málsmeðferðarreglur.

1. Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir Áfrýjunardómstólinn. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.
2. Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr., þegar sérstaklega stendur á.
3. Málsmeðferðarreglur II. kafla laganna skulu gilda um Áfrýjunardómstól HSÍ, eftir því sem við á.

IV Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

13. grein - Áfrýjun til ÍSÍ.

1. Heimilt er að áfrýja til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ, þeim málum Áfrýjunardómstóls HSÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Áfrýjun tekur þá aðeins til þeirra atriða máls er hafa slíkt almennt gildi og tilgreind eru í áfrýjunarskjali. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kæruatriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef Áfrýjunardómstóll ÍSÍ hafnar kæruatriðum áfrýjanda er málinu endanlega lokið.

V Almenn ákvæði

14. grein - Vanhæfi dómara.

1. Dómari er vanhæfur til að fara með mál, ef:

- a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila.
- b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu sem dómarar hafa.
- c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið.
- d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið.
- f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið.
- g fyrir eru hendi önnur atvik eða aðstæður, sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef dómari eða nán skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.

2. Stjórn HSÍ skal skipa dómara í dómstóla HSÍ til meðferðar einstaks máls, ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

15. grein - Lögsaga.

1. Undir dómstóla HSÍ heyrja öll brot á lögum og reglum HSÍ.

16. grein - Dómsniðurstöður.

1. Dómstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu, m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

1. Dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra.
 2. Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til HSÍ.
 3. Ákveðið sektir á aðildarfélög.
 4. Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.
2. Þær refsingar, sem dómstólar HSÍ geta beitt eru:
1. Áminning.
 2. Vítur.
 3. Svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan handknattleikshreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
 4. Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan handknattleikshreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
 5. Aðrar refsingar er lög eða reglur Handknattleikssambands Íslands tiltaka.

17. grein - Þingbækur/Dómabækur.

1. Við dómstóla HSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.
2. Við dómstóla HSÍ skal haldin sérstök dómabók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu HSÍ.

18. grein - Lyfjaeftirlit.

1. Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með skv. reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

19. grein - Niðurfelling refsingar.

1. Ársþingi HSÍ er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan handknattleikshreyfingarinnar.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2001, eftir samþykkt þeirra á Ársþingi HSÍ.

Við gildistöku laga þessara skulu Dómstólar HSÍ taka yfir eldri mál, sem eru í gangi fyrir dómstólum handknattsleikshreyfingarinnar. Þó er aðilum máls heimilt að sammælast um að ljúka máli fyrir þeim dómstól, þar sem málið er rekið fyrir gildistöku laganna, enda verði slíku máli lokið innan tveggja vikna frá gildistöku þeirra.

Árþing HSÍ 2001, sem samþykkir lög þessi, skal kjósa dómara í Dómstól HSÍ og Áfrýjunardómstól HSÍ. Dómarar þessir skulu taka til starfa 1. júní 2001, þegar lögin taka gildi og starfa fram að næsta Árþingi HSÍ.

Verður

Lög Handknattleikssambands Íslands

I. kafli. Almenn ákvæði og hlutverk

1.gr. Heiti og aðsetur

Handknattleikssamband Íslands, (HSÍ), er samband héraðssambanda og íþrótta-bandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

Aðsetur HSÍ og varnarþing skal vera í Reykjavík.

Merki HSÍ sýnir knött með HSÍ skammstöfunina. Bókstafir eru í íslensku fánalitunum og knöttur er brúnn.

Fáni HSÍ er hvítur með merki HSÍ í miðju og orðin „Handknattleikssamband Íslands“ efst í fána.

2.gr. Hlutverk og tilgangur HSÍ

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í megin atriðum:

- að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- að löggilda dómara, þjálfara menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnsmál og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

3.gr. Aðild að samtökum

HSÍ er aðili að:

- a. Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSí)
- b. Alþjóðahandknattleikssambandinu, (IHF)
- c. Handknattleikssambandi Evrópu, (EHF)

HSÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSí og sjá um að reglur varðandi handknattleik séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir HSÍ eru bindandi fyrir aðila að HSÍ; félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.

II. kafli. Aðild að HSÍ

4.gr. Réttur að aðild

Öll félög innan ÍSí er æfa, iðka og keppa í handknattleik eru aðilar að HSÍ.

5.gr. Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Öll aðildarfélög HSÍ hafa rétt til að taka þátt í mótum sem eru skipulögð á vegum HSÍ.

Allur handknattleikur skal fara fram samkvæmt lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og ÍSí og alþjóðlegum, (IHF), leikreglum sem samþykktar hafa verið af HSÍ og ber aðildarfélögum skylda til þess að virða þær reglur.

Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómara og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir HSÍ, IHF og EHF.

Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ er skylt að virða ákvarðanir stjórnar HSÍ, nefnda HSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Félag sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ skal senda því ársskýrslu sína.

Héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélög skulu senda stjórn HSÍ skýrslu um öll handknattleiksmót sem þau halda.

Ársskýrslur aðildarfélaga, héraðssambanda/íþróttabandalaga og upplýsingar um stjórnir þeirra skulu sendar stjórn HSÍ innan mánaðar frá aðalfundi.

Héraðssamböndin og íþróttabandalögin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar HSÍ. Ársskýrslur um störf aðildarfélaga, héraðssambanda/íþróttabandalaga, skal senda stjórn HSÍ innan eins mánaðar frá afloknum ársfundi/aðalfundi viðkomandi félags/sambands/bandalags.

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun.

Aðildarfélög HSÍ skulu halda bókhald yfir starfsemi sína í samræmi við gildandi lög og reglur um bókhald.

Félög sem eru aðilar að HSÍ skuldbinda sig til þess að vera ekki aðilar að öðru handknattleikssambandi eða taka þátt í mótum á vegum annars handknattleikssambands nema með sérstöku samþykki HSÍ, hins handknattleikssambandsins, IHF eða EHF.

Aðildarfélag er brýtur gegn ofangreindum skyldum skal hlíta viðurlögum þeim sem nánar eru ákvörðuð í lögum þessum, lögum um dómstóla HSÍ og reglugerðum HSÍ.

Leikmenn aðildarfélaga skulu vera skráðir í samræmi við reglugerð HSÍ.

6.gr. Aðrar skyldur.

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

III. kafli. Skipulag HSÍ

7.gr. Stjórnkerfi HSÍ

Málefnum HSÍ stjórna:

- a. handknattleiksþing sem fer með æðsta vald í málefnum HSÍ og setur lög sambandsins.
- b. stjórn HSÍ sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga.
- c. fastanefndir HSÍ sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum HSÍ og starfsreglum sem stjórn HSÍ setur þeim.
- d. sérstakar nefndir sem skipaðar eru af handknattleiksþingi eða stjórn HSÍ og starfa að afmörkuðum málefnum.
- e. framkvæmdastjóri HSÍ sem ber ábyrgð á daglegum rekstri sambandsins og skrifstofu HSÍ sem sér um daglega umsýslu verkefna.

Dómstig HSÍ eru tvö, dómstóll HSÍ og áfrýjunardómstóll HSÍ, og skulu starfa samkvæmt lögum þessum.

IV. kafli. Handknattleiksþing

8.gr. Boðun

Handknattleiksþing skal haldið árlega eigi síðar en 1. maí. Stjórn HSÍ ákveður þingstað og skal boða það með rafrænum hætti með eins mánaðar fyrirvara. Handknattleiksþingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

9.gr. Réttur til þingsetu

Handknattleiksþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda á vegum HSÍ þannig að:

1. fyrir færri en 50 iðkendur er einn fulltrúi
2. fyrir 50 til 125 iðkendur eru tveir fulltrúar
3. fyrir 125 til 200 iðkendur eru þrír fulltrúar
4. fyrir 200 iðkendur eða fleiri eru fjórir fulltrúar

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag eiga rétt á einum fulltrúa.

Á handknattleiksþingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt þó eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem eru skuldlausir við HSÍ.

Hver þingfulltrúi fer með eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf, sem gefin eru út af aðildarfélögum eða sambandsaðilum á þar til gerðu eyðublaði sem HSÍ sér þeim fyrir. Skulu þau staðfest af kjörbréfanefnd. Ekki er unnt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis.

Á handknattleiksþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a. stjórn HSÍ
- b. endurskoðendur reikninga HSÍ
- c. framkvæmdastjórn ÍSÍ
- d. framkvæmdastjórar HSÍ og ÍSÍ
- e. heiðursformenn HSÍ
- f. allir nefndarmenn fastanefnda HSÍ
- g. dómarmar dómstóls og áfrýjunardómstóls HSÍ
- h. fulltrúi menntamálaráðuneytisins
- i. stjórn HDSÍ
- j. auk þess getur stjórn HSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til

10.gr. Málefni

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 21 degi fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum aðildarfélögum og sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingsetningu ásamt dagskrá þingsins.

Eigi síðar en viku fyrir boðað handknattleiksþing skal stjórn HSÍ kynna aðildarfélögum og sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

11.gr. Dagskrá

Störf handknattleiksþings eru:

1. þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi
2. kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd
3. kosning þingforseta og varaþingforseta
4. kosning þingritara og varaþingritara
5. þinggerð síðasta árs lögð fram
6. ávörp gesta
7. álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt
8. kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins
9. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
10. gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga HSÍ
11. umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis
12. stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár
13. tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu
14. teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar
15. álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær
16. ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils
17. önnur mál
18. kosning stjórnar
19. kosning 2 endurskoðenda og 2 til vara
20. kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
21. kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
22. kosning fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ
23. þingslit

Stjórn HSÍ skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ, aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ fundargerð ársþings og gildandi lög og reglugerðir sambandsins í síðasta lagi 1. ágúst ár hvert.

12.gr. Atkvæðagreiðsla

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send aðildarfélögum og sambandsaðilum. Þó skal óheimilt að afgreiða tillögur um breytingar á lögum þessum sem lagðar eru fram eftir að handknattleiksþing er hafið, nema slíkt sé nauðsynlegt vegna annarra tillagna sem samþykktar hafa verið á þinginu eða fluttar sem breytingartillögur við aðrar tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Þingfulltrúar á handknattleiksþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef $\frac{1}{4}$ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu skal þingforseti verða við ósk þeirra.

Ákvarðanir sem teknar eru á handknattleiksþingi skulu taka gildi strax nema annað sé ákveðið á þinginu.

13.gr. Aukaþing

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar HSÍ eða helmingur aðildarféлага og sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukaðings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings.

Fulltrúar á aukaðingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má nýjan fulltrúa í stað þess sem er látinn, veikur, fluttur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaðingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn fimm manna, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda reglur um reglulegt handknattleiksþing.

V. kafli. Stjórn HSÍ

14.gr. Skipulag stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ skipa:

- a. formaður
- b. varaformaður
- c. ritari
- d. gjaldkeri
- e. formaður dómaranefndar
- f. formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar
- g. formaður landsliðsnefndar karla
- h. formaður landsliðsnefndar kvenna
- i. formaður mótanefndar

Varamenn í stjórn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir.

15.gr. Kosning stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ er kosin á handknattleiksþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 9 menn.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til eins árs, næst skal kjósa 4 stjórnarmenn til tveggja ára. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn til eins árs. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Til þess að ná kjöri sem formaður HSÍ þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Allar kosningar til formanns og stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli annarra en formanns á handknattleiksþingi gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir að. Fáí fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

16.gr. Verkaskipting stjórnar HSÍ

Formaður skal boða til stjórnarfunda og stjórna þeim.

Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ skal skipta með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum. Á fyrsta stjórnarfundum skal stjórnin skipta með sér verkum þannig að einn stjórnarmaður er varaformaður, annar er gjaldkeri, þriðji er ritari, fjórði er formaður dómaranefndar, fimmti er formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar, sjötti er formaður landsliðsnefndar karla, sjöundi er formaður landsliðsnefndar kvenna og sá áttundi formaður mótanefndar.

Stjórn HSÍ setur framkvæmdastjóra starfslýsingu.

Framkvæmdastjóri HSÍ fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu HSÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.

17.gr. Starfssvið stjórnar HSÍ

Starfssvið stjórnar HSÍ er:

- a. að sjá til þess að ákvörðunum og ályktunum handknattleiksþings sé framfylgt og að lög og reglugerðir HSÍ séu haldnar
- b. að setja nauðsynlegar reglur og reglugerður um handknattleik á Íslandi í samræmi við lög þessi

- c. að bera ábyrgð á fjármálum HSÍ
- d. að ráða framkvæmdastjóra til starfa samkvæmt starfslýsingu
- e. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- f. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um handknattleiksmál, sem lög þessi og/eða reglugerðir HSÍ ná ekki yfir
- g. að annast útgáfu á lögum þessum og reglugerðum fyrir handknattleik, sem jafnan séu í samræmi við alþjóðareglur
- h. að ráða landsliðsþjálfara til starfa
- i. að semja um og taka ákvörðun um þátttöku íslenskra landsliða í keppnum erlendis og koma fram erlendis fyrir hönd íslensks handknattleiks
- j. að staðfesta ákvarðanir heiðursmerkjanefndar um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga
- k. að tilnefna menn til starfa á vegum alþjóðasamtaka m.a. eftir tilnefningu fastanefnda
- l. að skipa menn í nefndir HSÍ
- m. að velja handknattleiksmenn ársins
- n. að skipuleggja daglegan rekstur sambandsins
- o. að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur
- p. að hafa yfirstjórn með landsmótum
- q. að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót sem haldin eru á Íslandi og hafa samráð við framkvæmdastjórn ÍSÍ um ákvörðun á landsmótum og alþjóðamótum sem haldinn eru hérlendis
- r. að vinna að fjáröflun til að standa undir kostnaði af rekstri sambandsins
- s. að skipa uppstillingarnefnd eigi síðar en 2 mánuðum fyrir ársþing HSÍ
- t. að standa fyrir formannafundum

Stjórn HSÍ lítur eftir því að lög HSÍ, reglugerðir HSÍ og leikreglur séu haldnar og getur hún vísað brotum aðila til aganefndar HSÍ til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir HSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.

Stjórn HSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum HSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma.

Stjórn HSÍ, fastanefndir HSÍ, aganefnd, dómstólar HSÍ og starfsmenn hafa frjálstan aðgang að öllum handknattleiksmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda HSÍ.

Stjórn HSÍ hefur rétt til að sitja aðalfundi sérráða, HDSÍ, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

Stjórn HSÍ skal setja á heimasíðu HSÍ endurrit allra fundargerða stjórnarinnar eða útdrátt úr þeim.

18.gr. Reglugerðir

Stjórn HSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar HSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu HSÍ.

Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar HSÍ.

VI. kafli. Nefndir HSÍ

19.gr. Fastanefndir

Stjórn HSÍ skal að loknu handknattleiksþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. búninganefnd
- b. dómarnefnd
- c. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- d. heiðursmerkjanefnd
- e. laga- og leikreglnanefnd
- f. landsliðsnefnd karla
- g. landsliðsnefnd kvenna
- h. læknanefnd
- i. mótanefnd
- j. móttökunefnd
- k. aganefnd

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar HSÍ samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn HSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

Handknattleiksþing HSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli handknattleiksþinga til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

Stjórn HSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

20.gr. Búninganefnd

Búninganefnd HSÍ skal sjá um alla búninga HSÍ þ.e. keppnisbúnað, æfingabúnað og annan fatnað á vegum HSÍ svo og allar rekstrarvörur landsliða.

21.gr. Dómaranefnd

Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum HSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara og eftirlitsmanna á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu handknattleiksreglnanna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að jafnaði vera skipuð reynslumiklum fyrrverandi dómurum.

22.gr. Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál HSÍ og annast sér í lagi menntun handknattleiksþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskum handknattleik.

Nefndin vinnur að eflingu handknattleiks og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan vébanda handknattleikssambandsins.

23.gr. Heiðursmerkjanefnd

Heiðursmerkjanefnd kemur með tillögur til stjórnar HSÍ um veitingu heiðursmerkja á vegum HSÍ. Nefndin skal sjá um að halda skrá yfir viðurkenningar á vegum HSÍ og skal hún birt á heimasíðu sambandsins.

24.gr. Laganefnd

Laganefnd er stjórn HSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin skal fara yfir allar tillögur sem berast fyrir handknattleiksþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

Nefndin skal fara yfir allar tillögur stjórnar HSÍ að reglugerðum áður en þær eru afgreiddar frá stjórn HSÍ til að meta hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli lagaákvæði þessi.

25.gr. Landsliðsnefndir karla og kvenna

Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni, skipuleggja undirbúning þeirra og annast samskipti við starfsmenn liðanna.

26.gr. Læknanefnd

Læknanefnd skal skipuleggja og tryggja starfsemi lækna og sjúkraþjálfara með landsliðum HSÍ.

Læknanevnd skal sjá um skipulagningu og hafa umsjón með lækningum, sjúkrabjálfun og fylgist með lyfjaprófum á alþjóðlegum mótum og leikjum sem fram fara á Íslandi.

27.gr. Mótanefnd

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd þeirra.

28.gr. Móttökunefnd

Móttökunefnd skipuleggur, í samvinnu við skrifstofu HSÍ, allar heimsóknir erlendra liða á vegum HSÍ til Íslands.

29.gr. Aganefnd

Aganefnd starfar samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins og setur stjórn HSÍ nefndinni nauðsynlegar starfsreglur.

Aganefnd HSÍ skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður og skal varamaður hans einnig vera löglærður.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerðum HSÍ og starfsreglum aganefndar gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum á Íslandsmóti, í bikarkeppni, deildarbikarkeppni og meistarakeppni. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja sem fara fram á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi, með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, til formanns handknattleiksdeildar viðkomandi félags eða þess aðila sem félagið hefur bent HSÍ á. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi.

Heimilt er að skjóta til dómsstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynnt úrskurður aganefndar.

Að öðru leyti en í 5.mgr. kveður á um eru úrskurðir aganefndar endanlegir.

30.gr. Viðurlög við brotum.

Aganefnd hefur heimild til að beita viðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum. Viðurlögin geta verið leikbönn, tímabundið bann, áminning, ávítur og sektir.

Stjórn HSÍ skal setja reglugerð um viðurlög við einstökum brotum á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum í samræmi við 1.mgr.

VII. kafli. Dómstólar HSÍ

31.gr. Dómstigin.

Dómstólar HSÍ eru dómstóll HSÍ og áfrýjunardómstóll HSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar. Dómstólar HSÍ skulu lúta ákvæðum laga þessara og skulu öll ágreiningsmál er varða handknattleik rekin fyrir dómstólum HSÍ. Lög Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar eftir því sem við getur átt.

Dómstóll HSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan handknattleikshreyfingarinnar.

Áfrýjunardómstóll HSÍ er æðsti dómstóll innan handknattleikshreyfingarinnar.

Dómstólar HSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSÍ. HSÍ ber að tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú sem haldin er á skrifstofu HSÍ telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

32.gr. Skipan dómstóls HSÍ

Dómarar dómstóls HSÍ skulu vera 3 og 3 til vara, allir löglærðir.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu handknattleiksþingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega handknattleiksþingi HSÍ.

Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt handknattleiksþing HSÍ skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann og varaformann.

Einn dómari skal fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulegu dómurum skuli fara með málið.

Nú telur dómari þörf á meðdómurum og er honum þá heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara í dóminn. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.

33.gr. Kæruréttur/málskotsréttur.

Rétt til kæru/málsskots hefur hver sá einstaklingur og það félag sem misgert er við og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls.

34.gr. Meðalganga og upplýsingagjöf.

Aðila sem hefur kærurétt samkvæmt 33. grein er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins

35.gr. Kærufrestur.

Kærufrestur til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.

Frestur til að skjóta úrskurði aganefndar til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá birtingu úrskurðarins.

Sé máli vísað frá dómi með úrskurði hefur kærandi 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn.

36.gr. Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í kæru:

1. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang kæranda
2. nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang
3. nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang
4. greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu
5. lýsing helstu málavaxta
6. tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga
7. lýsing á helstu röksemdum aðila málsins
8. lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum
9. upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku

Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dómnum í tveimur eintökum. Heimilt er að senda kæru með faxi en þó skal frumrit ævinlega sent.

37.gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 35. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt

36. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 36. greinar skal hann innan 48 tíma ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

Sé dómsformaður forfallaður skal varaformaður annast þau verkefni sem til falla.

Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða/varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærinni. Áskorunina skal senda með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en 3 sólarhringar. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 36. grein eftir því sem við getur átt.

Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá stjórn HSÍ og framkvæmdarstjóra þess eða öðrum þeim sem málið varðar.

Þegar dómari hefur mótttekið greinargerð varnaraðila skal hann boða til þinghalds og ákveða framhald málsins þ.m.t. hvort það skal flutt munnlega eða skriflega og hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómi. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum.

Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur að jafnaði kveðinn upp innan viku frá því að mál var dómtekið.

Birta skal aðilum dóm eða úrskurð með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögu og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

38.gr. Flyttimeðferð máls.

Telji formaður dómsins augljóst, við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum handknattleikshreyfingarinnar er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslausar er honum heimilt að úrskurða eða dæma kæranda í hag.

39.gr. Tilnefning talsmanns fyrir dómi.

Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra HSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri HSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi í málinu.

40.gr. Skipan áfrýjunardómstóls HSÍ

Áfrýjunardómstóll HSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 3 löglærðum til vara.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu handknattleiksþingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega handknattleiksþingi.

Dómstóllinn kýs sér forseta.

41.gr. Áfrýjun.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ dómum og úrskurðum dómstóls HSÍ.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 3 sólarhringar frá birtingu dóms hafi málsaðilar ekki verið viðstaddir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar dómstóls HSÍ.

Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

42.gr. Ný gögn og málsmeðferðarreglur.

Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólinn. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.

Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

Málsmeðferðarreglur laga þessara skulu gilda um áfrýjunardómstól HSÍ eftir því sem við á.

43.gr. Vanhæfi dómara.

Dómari er vanhæfur til að fara með mál ef:

- a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila
- b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það umfram skyldu sem dómarar hafa
- c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið
- d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar
- e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið
- f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið

- g. fyrir eru hendi önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa m.a. ef dómari eða náin skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.

Stjórn HSÍ skal skipa dómara í dómstóla HSÍ til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

44.gr. Lögsaga.

Undir dómstóla HSÍ heyra öll brot á lögum og reglum HSÍ.

45.gr. Dómsniðurstöður.

Dómstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

1. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
2. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til HSÍ
3. ákveðið sektir á aðildarfélög
4. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

Þær refsingar sem dómstólar HSÍ geta beitt eru:

1. áminning
2. vítur
3. svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan handknattleikshreyfingarinnar
4. óhlutgengisúrskurður sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan handknattleikshreyfingarinnar um stundarsakir eða ævilangt
5. aðrar refsingar er lög eða reglur HSÍ tiltaka

46.gr. Þingbækur/dómabækur.

Við dómstóla HSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt öðrum en málsaðilum.

Við dómstóla HSÍ skal haldin sérstök dómabók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og afrit hennar birt á heimasíðu HSÍ.

47.gr. Lyfjaeftirlit.

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

48.gr. Niðurfelling refsingar.

Handknattleiksping HSÍ er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan handknattleikshreyfingarinnar.

VIII. kafli. FRAMKVÆMDASTJÓRI OG SKRIFSTOFA

49.gr. Framkvæmdastjóri HSÍ

Framkvæmdastjóri HSÍ er ráðinn af stjórn handknattleikssambandsins samkvæmt ráðningarsamningi.

Framkvæmdastjóri HSÍ stjórnar og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu og starfsmannahaldi HSÍ.

Framkvæmdastjóri HSÍ getur vísað brotum aðila á lögum HSÍ, reglugerðum HSÍ og leikreglum til aganefndar HSÍ til úrskurðar.

50.gr. Skrifstofa HSÍ

Skrifstofa annast daglega umsýslu verkefna HSÍ undir stjórn og ábyrgð framkvæmdastjóra.

IX. kafli. Mótafyrirkomulag

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

- e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Liðið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leikur úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær næst neðsta sætið í úrvalsdeild.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir. 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um næst neðsta sæti úrvalsdeildar.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.
Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá 7. sæti úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

52.gr. Þáttökuleyfi

Félög sem eiga rétt á þátttöku í úrvalsdeild og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og kvenna skulu sækja um þáttökuleyfi árlega.

Til þess að fá þáttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur HSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál.

53.gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert

X. kafli. REIKNINGAR

54.gr. Reikningsárið

Reikningsár HSÍ er frá 1. janúar til 31. desember. Milliuppgjör skal liggja fyrir 31. ágúst.

Reikningar HSÍ skulu undirritaðir af formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra.

Endurskoðendur HSÍ skulu vera sjálfstæðir og óháðir HSÍ.

Reikningar HSÍ skulu áritaðir af kjörnum endurskoðendum.

XI. kafli. ÝMIS ÁKVÆÐI

55.gr. Réttindi

HSÍ og aðildarfélög innan HSÍ eru eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi HSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af HSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, (t.d. í

sjónvarpi, útvarpi, á internetinu og í síma), markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.

Stjórn HSÍ skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.

56.gr. Heiðursformaður

Handknattleiksþing má kjósa heiðursformann Handknattleikssambands Íslands ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

Heiðursformenn HSÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á handknattleiksþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn HSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

57.gr. Önnur atvik

Við brot á ákvæðum laga þessara hefur stjórn HSÍ heimild til að beita viðkomandi viðurlögum sem getið er um lögum þessum og reglugerðum sambandsins verði þeim ekki skotið til aganefndar eða dómstóls HSÍ.

Stjórn HSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi handknattleik innan vébanda ÍSÍ sem lög þessi eða reglugerðir HSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Stjórn HSÍ heimilt að beita þeim viðurlögum sem getið er í lögum þessum og reglugerðum ef slík atvik koma upp er getið er í 2. mgr.

58.gr. Sambandsslit

Tillögu um að leggja HSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu handknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þessa þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja HSÍ niður.

Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa eigi eignum HSÍ. Þeim má aðeins verja til eflingar handknattleiksíþróttarinnar í landinu.

59.gr. Lagabreytingar

Lögum þessum má breyta á reglulegu handknattleiksþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Tillögur þar um skulu hafa borist til stjórnar HSÍ innan lögbundins frests sbr. 10. gr.

60.gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi strax eftir samþykki þeirra á handknattleiksþingi 17. maí 2008 og falla þá eldri lög úr gildi. Lög þessi skulu staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ.

XII. kafli. Bráðabirgðarákvæði

61gr. Bráðabirgðarákvæði

Reglugerðir HSÍ sem í gildi eru falla ekki úr gildi að breyttum breytanda fyrir en stjórn HSÍ hefur samþykkt nýja reglugerð eða ákveðið að reglugerð falli úr gildi.

62.gr. Bráðabirgðarákvæði

Á handknattleiksþingi þann 17.maí 2008 skal einnig kjósa um 4 stjórnarmenn til eins árs.

Greinargerð:

Í samræmi við samþykkt 50. ársþings HSÍ leggur stjórn HSÍ fram drög að nýjum lögum HSÍ.

Umræður:

Kjartan Steinbach fékk orðið. Hann áréttaði hversu viðamikið skjalið var með því að fara yfir það í grófum dráttum og fjórlaga skiptingu þess: Blaðsíður 1-12 eru lögín sjálf eins og þau er núna. Þá koma breytingartillögurnar frá stjórninni, bladsíður 13-34. Loks koma aftast breytingatillögur annars vegar frá Víkingi og hins vegar Aftureldingu, til viðbótar við tillögur stjórnar.

Tillögur hafa komið víða við og verið bornar undir marga. Í grófum dráttum eru helstu breytingar þær að gert er ráð fyrir að fjölgi í stjórn. Tekin verða inn viss ákvæði til skýringar um nefndir sambandsins og breytingar á mótafyrirkomulaginu. Að auki hafa ýmsir agnúar þar sem hugsanlega rákust á greinar verið teknir í gegn.

Bergþóra Sigmundsdóttir formaður laga- og reglnanefndar gerði grein fyrir niðurstöðu nefndar. Á síðasta ársþingi var samþykkt að fara fram á það við stjórn að lagaumhverfi HSÍ yrði tekið til endurskoðunar og fól stjórn HSÍ laganefnd að sjá um það víðtæka verk. Nú er vonast til að komin séu heildarlög til að vinna út frá næstu árin.

Þegar óskað er eftir breytingum um þessi stóru og miklu mál skuli þeim vera vísað beint til stjórnar. Mikið hefur verið um “og og eða” flækjur, vafamál og fyrirvarar, sem núna er gert ráð fyrir að stjórnin sjái um. Þetta er í grófum dráttum meginhugmyndin að breytingum, skv. tillögu stjórnar.

Reynt hefur verið að setja greinargerðina upp á aðgengilegan hátt. Fyrst er rætt um aðildarfélagin og uppbyggingu þeirra. Reyndar er sambandið bundið lögum ÍSÍ og því er ekki unnt að taka alveg sjálfstæðar ákvarðanir í öllu. Tekin er hliðsjón af þessu. Einnig vill nefnd að tilgreint skuli bæði heiti og aðsetur HSÍ, það hefur ekki verið áður, eins hverjir hafa aðild að sambandinu og skipulag þess.

Allt hefur þetta verið rætt og skoðað ofan í kjölinn og af ýmsum aðilum. Meginbreytingin varðar fyrst og fremst víðtæka endurskoðun á uppbyggingu lagaumhverfis. Varðar það bæði lagabreytingar og vísun til stjórnar. Þessar breytingar eru til þess fallnar að setja málin í annað og heldur vandaðra umhverfi.

Gunnar þingforseti þakkaði Bergþóru og gaf orðið laust til spurninga og umræðna fram að nefndarstörfum. Enginn kvað sér hljóðs.

Lagt til að þingskjali yrði vísað til laga- og reglanaefndar.

Samþykkt var samhljóða að vísa þingskjali 4 til laga- og reglanaefndar.

Laga- og reglanaefnd lagði til samþykkt með áorðnum breytingum (þingskjal 4.3).

Þingskjal 4 var samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum þingskjals 4.3.



**51. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
17. maí 2008
Þingskjal nr: 4.1**

Tillaga um breytingu á tillögu stjórnar HSÍ að breytingum á lögum HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Í tillögum stjórnar HSÍ er:

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- d) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð
- e) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- f) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Liðið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leikur úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær næst neðsta sætið í úrvalsdeild.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um næst neðsta sæti úrvalsdeildar.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.
Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá 7. sæti úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

51.grein - Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna til leikársins 2010/2011 en þá gildir regla 51b. Eftir tímabil 2009/2010 fellur út regla 51 úr lögum og regla 51b verður að reglu 51.

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3 umferð.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
14 lið 8 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1.deild 4 umferðir.
15 lið 8 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1.deild 3 umferðir.
16 lið 8 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1.deild 3 umferðir.
17 lið 8 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1.deild 3 umferðir.
18 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1.deild 3 umferðir.
19 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1.deild 3 umferðir.
20 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1.deild 3 umferðir
21 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1.deild 2 umferðir.
22 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1.deild 3 umferðir.
23 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1.deild 2 umferðir.
24 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1.deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur Úrvalsdeildina er deildarmeistari Úrvalsdeildar.

Neðsta lið í Úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er Deildarmeistari 1.deildar og færist upp í Úrvalsdeild.

Liðið sem lendir í næst neðsta sæti í Úrvalsdeild leikur úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær næst neðsta sætið í Úrvalsdeild.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður Úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður Úrvalsdeildin með 12 liðum.

Úrslitakeppni Úrvalsdeildar.

Ef það eru færri en 12 lið í úrvalsdeild skal leikinn úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.
Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Sigurvegarar undanúrslita leika til úrslita en það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.
Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Ef lið úrvaldsdeildar eru fleiri en 12 þá skal fara fram úrslitakeppni 8 efstu liða.
Lið 1 mætir liði 8 og á fyrst heimaleik.
Lið 2 mætir liði 7 og á fyrst heimaleik.

Lið 3 mætir liði 6 og á fyrst heimaleik.
Lið 4 mætir liði 5 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Þau lið sem vinna halda áfram í undanúrslit:
Lið 1/8 mætir liði 4/5 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni fyrst heimaleik.
Lið 2/7 mætir liði 3/6 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrr vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Sigurvegarar undanúrslita leika til úrslita en það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um næst neðsta sæti Úrvaldsdeildar

Liðið í næst neðsta sæti Úrvaldsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.
Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá næst neðst sæti Úrvaldsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti Úrvaldsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ.

51b. grein - Handknattleiksmót

Frá og með leikári 2010/2011 gildir eftirfarandi um deildarkeppni karla :
Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna .

Í úrvalsdeild karla skulu vera að lágmarki 10 lið. Ef það eru aðeins 8 lið í úrvalsdeild leikárið á undan skulu tvö efstu lið 1. deildar fara beint upp í úrvalsdeild en liðinn í sætum 3 og 4 í 1. deild leika við tvö neðstu liðin í úrvalsdeild um laus sæti í úrvalsdeild. Úrslitakeppni um 2 laus sæti Úrvalsdeildar fer þannig fram að liðið í næst neðsta sæti Úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik. Lið í 3 sæti 1. deildar mætir 3 neðsta liði úrvalsdeildar og á fyrst heimaleik. Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki vinnur sér sæti í úrvalsdeild.

Almennar reglur eru eftirfarandi:

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3 umferð.
- b) 11-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 15-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - 15 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 5 í 1.deild 4 umferðir.
 - 16 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1.deild 4 umferðir.
 - 17 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1.deild 4 umferðir.
 - 18 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1.deild 3 umferðir.
 - 19 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1.deild 3 umferðir.
 - 20 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1.deild 3 umferðir
 - 21 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1.deild 2 umferðir.
 - 22 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1.deild 3 umferðir.
 - 23 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1.deild 2 umferðir.
 - 24 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1.deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur Úrvalsdeildina er deildarmeistari Úrvalsdeildar.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 10 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 22 þá verður Úrvalsdeildin með 12 lið.

Úrslitakeppni Úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Neðsta lið í Úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Ef úrvaldsdeildar eru fleiri en 12 þá skal fara fram úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 7 og á fyrst heimaleik.

Lið 3 mætir liði 6 og á fyrst heimaleik.

Lið 4 mætir liði 5 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Þau lið sem vinna halda áfram í undanúrslit:

Lið 1/8 mætir liði 4/5 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Lið 2/7 mætir liði 3/6 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Sigurvegarar undanúrslita leika til úrslita en það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er Deildarmeistari 1.deildar og færist upp í Úrvalsdeild.

Eftir tímabil 2009/2010 spilar liðið sem lendir í næst neðsta sæti í Úrvalsdeild í úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fá næstu tvö laus sæti í Úrvalsdeild 2010/2011

Liðið í næst neðsta sæti Úrvalsdeildar mætir liði í 4. sæti 1. deildar og á fyrst heimaleik.

Liðið í 2. sæti 1. deildar mætir liði í 3. neðsta sæti í 1. deildar og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í Úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili. Þessi málsgrein dettur úr lögum HSÍ á næsta þingi eftir tímabilið 2010/2011

Eftir tímabil 2010/2011 mun fyrirkomulag Úrslitakeppni um næst neðsta sæti Úrvalsdeildar vera eftirfarandi:

Liðið í næst neðsta sæti Úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá næst neðst sæti Úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti Úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ.

Greinargerð

Eftir að hafa talað við þó nokkar aðila þá geru er meðfylgjandi tillaga okkar Víkinga að breyttri grein 51 sem þið senduð drög að í vikunni. Það sem við erum aðalega að ná fram með þessari breytingu er eftirfarandi:

- að það sé einhver tímarammi á því að fjölga liðum í amk 10 liða úrvalsdeild
- að öll aðildarfélög hafi tíma til að aðlaga sig og undirbúa undir þessa fjölgun liða í úrvalsdeild
- að það sé sanngjarn háttur á því hverjir taka þessi tvö hugsanleg aukasæti í úrvalsdeild
- að allir geti stefnd að því að fjölga liðum í úrvalsdeild sem og fyrstu deild.
- að 8 liða úrslitakeppni sé möguleg ef við erum með fleiri en 11 liða úrvalsdeild.

Við teljum að við hljótum að þurfa stefna að því að fjölga í úrvalsdeildinni en það sé ekki gert nógu markvist með núverandi lagadrögum. Þessi tímarammi ætti að vera nógur fyrir öll lið til að stefna að því marki. Þau lið sem að ekki ná að vera meðal þeirra 10 bestu hafa þó tækifæri á næsta tímabili á eftir að koma inn í úrvalsdeildina.

Umræður:

Flutningsaðili Davíð Hjaltsted frá Víkingi gerði grein fyrir breytingartillögu. Breytingartillagan varðar fyrirkomulag mótakeppni. Flestir tala um að draumafyrirkomulagið væri að hafa 8 liða úrslitakeppni en vegna fjölda (og óvissu um fjölda) í 1. deild þýði það ekki alltaf, þá þurfi hugsanlega að byrja í 4 liða úrslitakeppni. Þetta endurspeglar vanda sem Víkingur vill taka á. Víkingur vill setja fastan tímaramma og reglur um niðurröðun og fjölda í deildir, í stað óvissunnar sem nú hefur ríkt.

Lagt var til að vísa þingskjali 4.1 til laga- og reglnanefndar.

Samþykkt var samhljóða að vísa þingskjali 4.1 til laga- og reglnanefndar.

ÞINGSKJAL 4.1 VAR DREGIÐ TIL BAKA AF FLUTNINGSADILUM.



51. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

17. maí 2008

Pingskjal nr: 4.2

Tillaga um breytingu á tillögu stjórnar HSI að breytingum á lögum HSI
Flutningsaðili: Afturelding

Í tillögum stjórnar HSI er:

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- g) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð
- h) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- i) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Liðið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leikur úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær næst neðsta sætið í úrvalsdeild.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um næst neðsta sæti úrvalsdeildar.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá 7. sæti úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

51. grein - Handknattleiksmót

Frá og með leikári 2008/2009 gildir eftirfarandi um deildarkeppni karla :

Tvö efstu lið 1. deildar fara beint upp í úrvalsdeild en liðinn í 3- 4.sæti í 1. deild leika við liðin í 7.-8.sæti um laust sæti í úrvalsdeild. Fyrirkomulagið yrði þriggja daga hraðmót á hlutlausum velli þar sem allir spila við alla, tvö efstu liðin tryggja sér sæti í 10 liða úrvalsdeild tímabilið 2008-2009. Þessi málsgrein dettur úr lögum HSÍ á næsta þingi eftir tímabilið 2008/2009

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna .

Í úrvalsdeild karla skulu vera að lágmarki 10 lið.

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3 umferð.
- d) 11-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- e) 15-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - 15 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 5 í 1.deild 4 umferðir.
 - 16 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1.deild 4 umferðir.
 - 17 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1.deild 4 umferðir.
 - 18 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1.deild 3 umferðir.
 - 19 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1.deild 3 umferðir.
 - 20 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1.deild 3 umferðir
 - 21 lið 10 lið í Úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1.deild 2 umferðir.
 - 22 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1.deild 3 umferðir.
 - 23 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1.deild 2 umferðir.
 - 24 lið 12 lið í Úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1.deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur Úrvalsdeildina er deildarmeistari Úrvalsdeildar.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 10 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 22 þá verður Úrvalsdeildin með 12 lið.

Úrslitakeppni Úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Neðsta lið í Úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Ef úrvaldsdeildar lið eru 12 eða fleiri þá skal fara fram úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 7 og á fyrst heimaleik.

Lið 3 mætir liði 6 og á fyrst heimaleik.

Lið 4 mætir liði 5 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Þau lið sem vinna halda áfram í undanúrslit:

Lið 1/8 mætir liði 4/5 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Lið 2/7 mætir liði 3/6 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Sigurvegarar undanúrslita leika til úrslita en það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er Deildarmeistari 1.deildar og færist upp í Úrvalsdeild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvaldsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá næst neðst sæti Úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti úrvaldsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ.

Greinargerð

Umræður:

Flutningsaðili Jón Freyr gerði grein fyrir breytingartillögu Aftureldingar. Breytingartillaga við tillögu stjórnar er á 51. grein og gengur út á að frá og með leikári 2008-9 skuli í úrvaldsdeild karla vera að lágmarki 10 lið og fyrirkomulagið verði þannig að 3 daga hraðamót verði á hlutlausum velli þar sem allir spila við alla og þessi hraðamót séu leikin í haust um laus sæti í úrvaldsdeild, 15 lið í 10 liða úrvaldsdeild, 3 umferðir, 5 lið í 1. deild, leiknar 4 umferðir.

Lagt er til að bæta megi við fleiri B-liðum í 1. deild óski lið þess. Einnig að úrslitakeppni 4 efstu liða verði í efstu deild og neðsta lið í úrvaldsdeild fellur beint niður. Þetta á bara við um næsta tímabil, eftir það yrði útsláttarkeppni um sæti í efstu deild.

Rök Aftureldingar eru þau að þau telja fullreynt með 8 liða mót og vilja nú meiri fjölbreytni með fleiri leikjum. Vandi handboltans leysist ekki með faliðun í úrvaldsdeild heldur með markvissu grasrótastarfi, hér þurfi uppbyggingarstarf sem taki 15-20 ár, enda hafi starfsemi dalað og fækkun í íþróttina síðustu 15-20 ár. Afturelding vill því blása strax til sóknar. Þá vilja þau ekki bíða með tillögu eins og Víkingur leggur til.

Borin var upp tillage um að vísa þessum lagabreytingum til laganefndar. Upphaflega ræddi stjórn um að leggja til að málið færi til allsherjarnefndar. Loks komst hún þó að þeirri niðurstöðu að rétt væri að pakkinn færi allur í eina nefnd, enda er það viðamikilið og nokkuð heildrænt. Því taldi nefndin ekki rétt að slíta málin í sundur, þrátt fyrir að þetta tiltekna mál sé ef til vill fremur sér á parti. Allsherjarnefnd verður því sennilega verkefnalaus núna en tekur þá heldur þátt í opnum fundi laganefndar.

Þorsteinn frá Stjórnunni fékk orðið:

Markmiðið var að festa 8 liða deildina. Lið neðri deildar eru ekki sammála um þessa stefnu og því er endalaust rifist um fjölda liða í deildum, svo ótti hans er að verða að raunveruleika, um sundrunu.

Málið er einfalt: Fá lið eru að spila handbolta í dag og þeim fjölgar ekki þótt úrvaldsdeildarliðum fjölgar í 10 eða 12 liða deild.

Hugmyndin var að festa fyrirkomulag 8 liða deildar í nokkur ár, og þá vissu menn að hverju þeir gengu og þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því hvort 13 lið skrái sig til þátttöku. Ekki er hægt að láta óvissuna ganga áfram og endalaust, dagsetningar og ákvörðun fjölda liða þarf að vera skýr. Kominn tími til að hugsa 5-10 ár fram í tímann, ekki bara fram á næsta ár og útfrá eigin hagsmunun. “Bíóinu” þarf að linna.

Tillaga um að vísa þingskjali 4.2 til laga- og reglanefndar.

Tillaga um að vísa þingskjali 4.2 til laga- og reglanefndar samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL 4.2 VAR DREGIÐ TIL BAKA AF FLUTNINGSAÐILUM.



51. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

17. maí 2008

Pingskjal nr: 4.3

Tillaga um breytingu á tillögu stjórnar HSI að breytingum á lögum HSI
Flutningsaðili: Stjórn HSI

Var

1.mgr a) liður 51.greinar

- j) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð

...

6.mgr 51.greinar

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Verður

1.mgr a) liður 51.greinar

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.

...

6.mgr 51.greinar

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. **Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSI ákveða röðun heimaleikja í 3.umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.** 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Breytingartillaga frá laga- og reglanefnd.

Breytingartillagan er um að fella þetta skjal inn í heildarpakka þingskjals 4. Nefnd leggur til að breytingartillagan skuli samþykkt inn í “heildarpakkann” með áorðnum breytingum.

Þingskjal 4.3 var þá tekið til umræðu. Enginn kvað sér hljóðs svo gengið var til atkvæða. Hér er um breytingartillögu við breytingartillögu að ræða, svo enda þótt ekki sé búið að samþykkja aðaltillöguna verður samt að líta svo á að í skjali 4.3 sé um lagabreytingu að ræða. Fyrir vikið þarf 2/3 greiddra atkvæða til að samþykkja.

Þingskjal 4.3 var samþykkt samhljóða.

13. Ákvörðun þáttökugjalda í Íslands- og Bikarmótum næsta keppnistímabil

Tillaga um að þáttökugjöldin verði óbreytt.

Tillaga um óbreytt þáttökugjöld var samþykkt samhljóða.

14. Önnur mál

Þá var mælendaskrá opin. Enginn bað um orðið svo þingforseti lokaði mælendaskrá án þess að nokkur tæki til máls.

15. Kosning stjórnar

Sú breyting hefur orðið með nýsamþykktum lagabreytingum að fyrst skuli kjósa formann til eins árs, síðan skuli kjörnir 4 stjórnarmenn til tveggja ára og loks 4 stjórnarmenn til eins árs.

Ákveðið var að kjörbréfanefnd læsi nöfn kjörgengra og afhenti kjörseðla um kjör til formanns HSÍ. Þótt þetta væri nokkuð seinlegt fyrirkomulag yrði það að vera svo til að tryggja að kosning færi rétt fram. Tveir menn voru í framboði, sitjandi formaður Guðmundur Ágúst Ingvarsson og Hlynur Sigmarsson. Uppstillingarnefnd var svo fengin til að telja atkvæðin. Gunnar þingforseti og Þorgeir Ingi Njálsson varapingforseti höfðu yfirumsjón með framkvæmd kosningar. Enginn mótmælti þessu fyrirkomulagi.

Fulltrúi kjörbréfanefndar Þorbjörg Gunnarsdóttir las þá upp kjörgenga aðila og afhenti atkvæðaseðla. Atkvæðaseðlar voru alls 67.

Þingforseti spurði hvort einhver teldi sig eiga atkvæðarétt án þess að hafa fengið seðla. Svo var ekki. Dreifingu atkvæðaseðla var þá lýst lokið.

Gengið var til atkvæða.

Eftir að allir höfðu skilað inn atkvæðaseðli og talningu atkvæða lokið voru niðurstöður atkvæðagreiðslu um nýjan formann kunngjörðar:

Guðmundur Ágúst Ingvarsson var endurkjörinn formaður HSÍ með 38 atkvæðum gegn 29 Hlyns Sigmarssonar. Guðmundur Ágúst Ingvarsson var því lýstur **réttkjörinn formaður** fyrir komandi starfsár.

Kosning fjögurra manna til stjórnar til tveggja ára.

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- **Kristján Arason**
- **Jón Jörundsson**
- **Guðjón L. Sigurðsson**
- **Hörður Davíð Harðarson**

Framboðsfrestur var útrunninn svo ekki var sá valkostur fyrir hendi að koma með aðrar tillögur. Þingforseti spurði þá hvort einhver væri með athugasemdir. Svo var ekki, svo **teljast ofangreindir því réttjörnin til stjórnar HSÍ næstu tvö ár.**

Sérákvæði í lögum sem gildir á þessu þingári um stjórn til eins árs:

Tilnefnd voru eftirtalin:

- **Sigurjón Pétursson**
- **Ásta Óskarsdóttir**
- **Kjartan Steinbach**
- **Már Svavarsson**

Engar athugasemdir bárust, svo þau voru **lýst réttkjörin til stjórnar næsta árið.**

Kosning þriggja varamanna:

Tilnefndir voru eftirtaldir:

- **Þorgeir Haraldsson**
- **Erlingur Kristjánsson**
- **Þorbjörg Gunnarsdóttir**

Engar athugasemdir bárust, svo þau voru **lýst réttkjörnir varamenn til stjórnar næsta árið.**

16. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara

Tilnefndir voru eftirtaldir:

- **Guðmundur Frímannsson**
- **Jón Gestur Viggósson**

Til vara voru eftirtaldir tilnefndir:

- **Pálmi Kristinsson**

- **Soffía Ragnardóttir**

Engar athugasemdir bárust, svo endurskoðendur og varamenn teljast réttkjörnir.

17. Kosning í dómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru:

- **Bergþóra Sigmundsdóttir**
- **Smári Hilmarsson**
- **Vala Valtýsdóttir**

Tilnefndir voru eftirtaldir varamenn:

- **Guðmundur B. Ólafsson**
- **Ágúst Sindri Karlsson**
- **Guðmundur Þór Jónsson**

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrír aðilar í dómstól HSÍ og þrír til vara teljast réttkjörnir.

18. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tillaga um aðalmenn:

- **Þorgeir Ingi Njálsson**
- **Helgi I Jónsson**
- **Gunnar Jónsson**

Tillaga um menn til vara:

- **Benedikt Bogason**
- **Guðjón Marteinnsson**
- **Þorsteinn Einarsson**

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrír aðardómarar í áfrýjunardómstól HSÍ og þrír varadómarar teljast allir réttkjörnir.

19. Kosning fulltrúa á íþróttáþing (ÍSÍ).

Tillaga var um að stjórn verði falið að skipa fulltrúa þegar að íþróttáþingi kemur.

Enginn gerði athugasemd við það.

Samþykkt var athugasemdalaust að vísa kosningu til stjórnar þegar að íþróttáþingi kemur.

20. Þingslit

Þingforseti þakkaði kærlega fyrir góða fundarsetu og góða þátttöku í nefndum. Hann taldi að á þessu þingi hafi ríkt ákveðin eining um málin sem hafa verið tekin fyrir.

Einnig þakkaði hann gott hljóð á þingfundi. Endaði Gunnar á að óska þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Guðmundur Ágúst Ingvarsson nýendurkjörinn formaður HSÍ sleit þingi:

Formaður HSÍ byrjaði að þakka traustið sem nýkjörinni stjórn var sýnd. Þakkaði hann aukalega þeim stjórnarmönnum sem hverfa úr stjórn fyrir mjög gott starf og samstarf. Einnig þakkaði hann laganefnd fyrir allan sinn mikla undirbúning að lagaplagginu stóra sem gekk ótrúlega vel. Þá fékk Gunnar sérstakar þakkir fyrir röggsama stjórn. Að endingu var öllum óskað góðrar heimferðar og heimkomu. Með því var 51. ársþingi HSÍ slitið.